

Förir
í öskubakkanum

ljóðasafn

eftir Eirík Örn Norðdahl

Það
er
ekki
að
að fara
hefst
neitt
vopnahlé

Þei, þei og ró ró, er nú að koma út ný ljóðabók? Rómantísk og hafin yfir hagsmuni? Einhverskonar Harry Potter og Fönixreglan í öskubakkanum, tárbotur gluggi aftur til barnæsku fyrir reykingamenn? Regndropatal?

Á eldrauðum himni brennur miðnætursólin
og leggur gullið geislateppi sitt á lágværar gáru sjávar,
og í miðjum geislanum má sjá bát sigla inn Djúpið,
sjálfsagt drekkhlaðin gjöfum Ægis
eftir langan dag við veiðar.

Þetta er kvöldstemning um sumarmál eftir Eirík Örn Norðdahl, frétt úr Bæjarins Besta frá 20. júlí 2006. Hentar sem ljóð fyrir þá sem eru að leita að tækifærisgjöfum handa fólki sem það þekkir lítið og vill ekkert vesen. Ljóðið er ekki í þessari bók.

Kæri hugsanlegi kaupandi, nei afsakið, lesandi: nýfermda barn eða vor graði stúdent: við þurfum ekki fleiri hugljúfar kvöldvísur. Við þurfum að láta hræra upp í okkur, aftur og aftur. Við þurfum að láta strekkja aðeins á hinni ylhýru íslensku tungu. Njóta þess að finna aftur hið lifandi orð í munni eftir alla þessa dauðu bókstafi áróðursvélarinnar sem reynir í sífellu að telja okkur trú um að allt sé eins og það á að vera, hafi alltaf verið, muni alltaf vera, ekkert vesen og allt í góðu lagi. Með smávægilegum undantekningum geðbildaðra sjálfsmorðingja.

Nei. Tungumál er ekki hlutlaust samskiptatæki. Orð eru vopn. Við erum hernumin, við stöndum í orðahríð, orðin skella á okkur og deyfa. Við þörfnumst andspyrnu og endurhæfingar. Ekki skálda í skeljum, flóttamanna

til fortíðarinnar, þegar orð voru dýr og „þögnin vort eina vé.“ Við skulum ekki væla yfir neikvæðum áhrifum sjónvarpsins, hnignun tungunnar eða dauða ljóðsins. Þegar vöknar í púðrinu verða menn bara að auðga úran og gera sig klára til gagnárása. Við ætlum að syngja okkur gegnum þennan heimsendi.

*Að fara upp sköp einnar konu
er eins og að koma út úr annarri
að finna nýjan nafla til að hringla í
klóra sér far, gera sér hreiður í sárinu*

*Eitt brjóst tvö brjóst
nafla og sköp*

*Þetta líffæri er eins og Cadillac!
Þetta líffæri er eins og útihátíð!*

*Ný hálstök nýir snípaleikir
vasabílljard með tröllabelli
og kúntan nær honum upp í haus.*

Þetta er meira við hæfi lifenda og er þess vegna í þessari bók margra bóka. Lesendur geta skemmt sér við að greina hverja bók og sérstöðu innan safnsins. Í einni bók eru ljóðin urrandi, í annarri eru þau á mörkum ljóðlistarinnar, á þetta að vera ljóð, gæti lesandi spurt sig, er þetta ekki frekar abstrakt myndlist eftir kínverskt undrabarn, og hvað er Steinn Steinarr að gera í þriðju bók, á hann ekki að vera að leysa morðgátu einhvers staðar úti í heimi?

Þetta er formáli, það er alveg ljóst, og er hugsaður sem inngangur, kynning, auglýsing sem vekur forvitni og vonir um fullnægingu allra ljóðlangana. Hann má ekki vera of langur eða truflandi, ekki skilja eftir sig viðvarandi bragð eins og misheppnaður forréttur.

Það sem er ekki í þessari bók:

- kvöldsólarinnar síkvika kyrrð
- sláttumaðurinn slyngi
- ó hvað skáldið hefur fallega sál, lúmskan og hlýjan hómor.
- afpólítiseruð ljóðlist

Eitthvað sem er í þessari bók:

- ókyrrð kvöldsálarinnar
- leikir að táknum, útpensla ljóðmærunna
- púsluspil
- heilsusamlegur hlátur, vitstola raddir
- ljóðrannsókn á viðteknum orðum og stöðluðum tjáskiptaformum
- vistvæn endurvinnsla hins hefðbundna óhefðbundna ljóðforms

Kæri lesandi. Það er ekki níjtjándi öld, það er ekki einu sinni tuttugasta. Söngur eimreiðarinnar er þagnaður og í staðinn fáum við lágvært muldur víftunnar í tölvunni og óperu í boði álvirkjunnar. Ljóðabækur renna saman við uppistand, trú við dálkaskrif, meira að segja formálar bóka renna saman við auglýsingamál. Kaupu þessa bók, hún er frábær. Er von að útkoman sé eilífur höfuðverkur, dagdrykkja og þrá eftir þögn og fagurri fjallasýn.

Nei! Viðurkennum ekki sigur þagnarinnar, það verður ekkert vopnahlé og höldum áfram að dansa þótt það sé hlaupinn þrái í orgíuna. Sigurgangan verður langvinn og þreytandi eins og kynlíf með kvikmyndastjörnu. Ljóð eru ekki um pólitík, ljóð eru pólitík. Þau eiga ekki að gelta, heldur bíta.

Hugmynd: hlutverk ljóðabókar er ekki að vagga þér í svefn, sannfæra þig um ágæti þjóðarinnar, lýsa yfir dauða ástarinnar. Hún á að bíta þig til blóðs og smita þig af ljóðæði. Sem þú getur svo borið áfram ...

Ingólfur Gíslason

„Write home, wreak havoc.“

- Ron Silliman; *Tjanting*

„Vi stoler for ofte på vitenskapen, og ikke nok på tro og følelser.“

- Úr skýrslunni *Undersøkelse om verdier, natur og miljø 2000* eftir Kristínu Stølsbotn sem gefin var út af Norsk samfunnsvitenskapelig datatjeneste

Gangskör

1.

Hendur í jörðinni

milli sprungna í gangstéttinni.

Hendur

finger

og fjórir fætur.

2.

Teygðu upp hendur

í átt að upsum húsa.

Hendur

finger

og fjórir fætur.

3.

Hripaðu nýja gangstétt
milli malbiks og húsa.

Bittu hana saman
með slaufum
og smyrðu á hana

hellur

finger

og fjóra fætur.

4.

Slíttu þig lausan
fætur frá mjöðm.

Fjórir fætur
sem bera þig ekki burt
sprikla á gangstéttinni.

Hendur
fingur
frá fjórum fótum

blóðugum stubbum.

5.

Tylltu þér á rauðan póstkassa
fiskaðu eftir bílum

kerrum og vögnum
með sinum og beinum.

Slepptu þeim lifandi.

Slíttu bein og sínar
af baksýnispeglum
púströrum og loftnetum

og slepptu þeim lifandi.

Peyttu þeim niður vegina
fleyttu með þeim kellingar
á brunnlokum
tættu malbikið í ræmur

og slepptu þeim lifandi.

6.

Dragðu sin úr baki þér
þræddu saman fjóra fætur
beittu þeim á bílavöðuna.

fjórir fætur
bera þig ekki burt

en beittu þeim samt á vöðuna

skelltu þeim samt fyrir skottaskolta
glefsandi skottaskolta
skelltu samt skottaskoltum
þeyttu samt skottaskoltum
og bílunum heilum

með höndum
fingrum
og fjórum fótum

þeyttu samt skottaskoltum
niður götuna
í nið götunnar

með kálfum lærleggjum
sköflungum hnésbótum
harðsperrum
sinadráttum og hjám.

7.

Rífiðu loks úr þér tunguna,
krotaðu nafn þitt í sárið
stingdu henni í rauðan póstkassann

og fljúgðu burt.

Sinadráttur

I

Kylliflatur í handahlaupum
með sína sólina í hvoru eista

sinadráttur
afarkostur

II

Í kollhnísum og kappsundi
krosskönnrí ólympískum
hnefaleikjum.

Á galadansleikjum og korriró

sinadráttur
eftirbátur.

III

Í lófanum fingur.

Hnýttar saman líflínur
og helltar fullar birtu
barmafullar hreðjar.

Sprangandi í heiðnabergi
við í notalegum nytum.

Setjum mosa í allar glufur
stífelsi í vaðinn og
selsaugu í hettuna.

Sinadráttur
andardráttur.

Rottueitur

Hér eru aldrei auglýsingar
afsakið auglýsingar
og marglitum slær á bláskjái.

Sér sófastóla sökkva
í sófastofugólf
sófastóladóna stökkva
yfir sófastólaborð

niður hafið á skjánum
hárblastur vindvéla
og breddur
og kynkaldar breddur
af berum brjóstum
sjúgandi litla angaló,
litla ligga liggala
fyrir löngu litlutá.

Gegndrepa
kinnungasvampur
sófastóladóna.

Kitlandi fitl í dauðum blettum
á leggjum náladoða
sterkum eikarstoðum
undir sófastólum.

Bleytir fingur í munni sér
leggur fingur á þulubrjóst
brestur á með kvæði
í afsökuðu hléi.

„Afsakið en
það syngur í altari
syngur í jarðarfararbeltum
jarðarfararballettum
beltum og keðjum
syngur og fölnar.“

Purrkar sér í slörið

„Afsakið,
afsakið mig
utandagskrár,
afsakið.“

Fyrst og síðast dansa ég þó með höndunum.
Ekki svo að skilja að þær snerti nokkurn tímann dansgólfið.

Ástkæra dansmær
ég dansa svo að
gnísti í tönnum þér
syngi í spöngum
klingi eins og í sverði
dregnu að húni.

Elska! Elska! Elska! Urrabíttana, urrabítana! (Eiríkur blikkar öðru auganu
og lítur varkár
í kringum sig)

Þegar ég dansa við þig hugsa ég ananas,
á stærð við nakið mjólkandi brjóst,
loðið að utan en blautt að innan -

Þegar ég hugsa um þig dansa ég ananas:

Hliðar saman
eins og skottís
og ananas á spjóti!

Þegar ég dansa við þig dansa ég ananas.

(nafnlaust)

I

Blóð sem vellur
bullsyður að flæða

upp samansaumuð sköp
yfir flaðrandi blaut geirvartnablóm

Hann:
Klámkjafur úr Dickens
á kenndirí

Hún:
Reykvískur sleikipinni
vor
og vöxturinn eftir því

II

Pagnar í orðahríðinni
þekktur málshákur

dregur gluggatjöldin fyrir
girðir niður buxurnar
og talar við sjálfan sig

III

Að fara upp sköp einnar konu
er eins og að koma út úr annarri
að finna nýjan nafla til að hringla í
klóra sér far, gera sér hreiður í sárinu

Eitt brjóst tvö brjóst
nafla og sköp

Petta líffæri er eins og Cadillac!
Petta líffæri er eins og útihátíð!

Ný hálstök nýir snípaleikir
vasabilljard með tröllabelli
og kuntan nær honum upp í haus.

IV

Með titrara í rassinum
til að líða betur

Klappar blómunum á bakið
sofnar frjófnæminu
sofnar sjálfur
sofnar.

V

Blóð sem vellur
upp samansaumudu sköp
bullsýður að flæða
upp samansaumudu sköp
blóð sem flæðir
upp samansaumudu sköp
tröllaballar blóð
upp samansaumudu sköp.

Stælfraeði: formúra

Klassískt stílbragð (frummynd + myndlíking (tesa)

myndlíking x myndhvörf ²

antitesa (tesa) – hlutgerving (lh. þt)

fullyrðing + persónugerving) = syntesa

„Ef marka má formhyggju er stærðfræði leikur að táknum, stærðfræði er einfaldlega lýst sem runum af táknum sem framleiddar eru samkvæmt formlegum leikreglum. Ekki er lítið svo á að táknið hafi neina sérstaka merkingu, ekki frekar en að hrókur í skák tákni eitthvað sérstakt. Þannig má reyndar fá mynd af stærðfræði (sem texta) þar sem stærðfræðingurinn er frelsaður frá því að þurfa að útskýra eða velta fyrir sér frumspekilegum spurningum.“

Úr ritgerðinni „Vængjabytur stærðfræðinnar“ eftir Ingólf Gíslason

Höpöhöpö Böks

Köld öld Böks mjög örg.
Ölböl örlög Böks!
Sök Böks kvöl öll kvöld.
Öll göt Gvöðs köld.

Ör hönd Böks sökk,
gjör mörg lönd rök
hönd Böks sökk gröð,
Örg: "Öööh... Bök! "

Frönsk mön öll hözl Böks.
Rök mök gjör Bök börn.
Börn Böks ör, frökk:
Örn, Ösp, Björn, Björg.

Fökk Bök! Böks sök!
Sölt höf Böks röff
Brött fjöll kjörlönd Böks
Kjörfög Böks frökk stönt.

Mörbörn fjörstöð Böks:
Ösp gjör fönn; Björg gjör stönt;
Sönglög Björns öll böst;
Örn gjör öll lök rök.

För Böks sönn, löng.
Böks höfn löt vör.
Pökk, Gvöð! Römm gjöf:
Gjör Böks tölt ört.

Tölt Bök, tölt, för hröð.
Stökk Bök, stökk, gjör för
Böks fjörför, gjör tök Böks hörð;
flöt Böks jörð gjör stökkför töff.

Böks stöff: Rör, hörslör, gjörð;
Böks rör mjög, mjög löng;
Hörslör Böks gjör hörför;
Gjörð Böks, örlög Böks.

Stök mjöðm Böks hölt,
öxl Böks hörð, tönn Böks skökk,
Böks sköp rök, gröð mök Böks
gjör Bök röff örlög; fökk röff örlög!

Kjöt Böks stökk!; löng stökk kjöts!,
Böks kjöt gjör Böks tögg mjög töff,
öl Böks gjör mön ör, stöff Böks gjör fjör.
Töff, töff, töff! Töff, töff, töff!

Ég er bréfshaus

Ég er dagsetning, staður

Ég er fornlegt kurteisistövarp.

Ég er opnunarselning. Ég er kynningarselning. Ég er selning sem rekur erindi, sem rekur erindi, rekur erindi. Ég er sár bér óvæntingarfullbrar manneskju. Ég er reiddinnar ljásn af högvæð. Ég er ljásing á stórkostlegum afrekum. Ég er ítrekun högvæðar. Ég er upptalning, upptalning, upptalning.

Ég er frekari útskýring, nánari útlestun. Ég er ítrekun sárenda, frásegning af eynd. Ég rek Þingur í gróft opinna sára. Ég höfða til mennskunnar. Ég höfða til samvirkunnar. Ég höfða til sektarkenndar vegna atburða her Þinna tíma. Ég fer vilgjandi með ósannindi.

Ég er upphaf frásgagnar. Ég er útskýring á aðstaðum. Ég er vísun í aðra sögu. Ég er miðja frásgagnar. Ég er réis. Ég er uppgjör. Ég er frásgangur. Ég er málsháttur sem tekur saman sögufráðinn á einfaldan hátt. Ég er ný tálkun á boðskap sögunnar.

Ég er uppástunga um málalyktir. Ég er enn frekari ítrekun sárenda. Ég er bráðlun óljósra hötana. Ég er aumkunarvert sársaukaþp. Ég er óvænting að níu tíundu hlutum og reiti að einum tíundu hluta. Ég er boð um kynferðislega greiða. Ég er ljásing á staðsetningu og tíma. Ég er símanimer.

Ég er fornleg kurteisiskveðja.

Ég er undirskrift

Ég er nafn

I

Hann hesthúsaði hamborgurunum
og graðgaði í sig frönskum kartöflum,
sagði svo með fullan munninn:

„Ég hef litla sem enga stjórn á löngunum mínum!”

Þvínæst þreif hann til sín yngstu dóttur húsráðanda
kleip hana í brjóstin,
„bíp! bíp!“ frussaði hann
og klíndi tómatsósublautum vörum sínum
að andliti hennar, másandi.

II

Hann þreif til sín yngstu dóttur húsráðanda enn á ný, spretti klæðum
hennar í sundur með þykkum filterslausum puttunum og út um rennilás
snjóþveginna gallabuxna gægðist loðið kvenmannsskaut sem rak við eins
og Sylvester köttur ropar.

Út spretta tvær þrjár flögrandi fjaðrir
og skautið roðnar skömmustulega.

III

Réttu mér konuna,
kallaði hann yfir matarborðið,
og spýtti út úr sér rifrildi af þíkubeini.

Réttu þér bara konuna sjálfur,
sagði konan og klóraði sér í sára spöngina,
djöfulsins liðleskja.

Brunnið í vitum

Við vitum að hann er málvandur

Við vitum að hann er brunabíll

Við vitum að hann er súrheysturn

Við vitum að hann er Seiko-armbandsúr

Við vitum að hann er bálköstur

Við vitum að hann er töfrateningur

Við vitum að hann er frátekinn

Við vitum að hann er grátklökkur

Við vitum að hann er þlýmokona

Við vitum að hann er sykursekkur

Við vitum að hann er upprisinn

Við vitum að hann er æðislegur í rúminu

Við vitum að hann er kominn gagngert til að ráða mig af dögum

A.K.V.
f. st. br.

Með *Brennið þið vitar* í botni
stari opineygur í spegilinn
þar til augnknettirnir þorna og hlaðast
snúðormum, spanskgrænu og hvítum
molnandi hrúðurkörlum.

Helli bjór í augun
til að geta lokað þeim.

Blandarabrandari (e)

Hlátur minn er kurrið í kólibríflugli.

Hann lýsir kátínu minni.

Á Nazca-sléttum Suður Perú
hjuggu indíánar út svo stóran kólibríflugl
að hann er einungis hægt að greina
úr flugvél.

Medinilla magnifica superba

Leðurkennd blöð sólroðablóma
óskynsamlega varið
munnfylli af sorta
dulfrævafylkingar varablóma.

Hvín

Pó rétt sé
þá hvín

og það hvín

og þó rétt svo
hvín samt.

Jóðljóð

Ljóðlist jóðlist ef jóðlist ljóðlist.

Gúgljóð eru fyrir búkhjóð.

Smellið á [hlekkinn!](#) Smellið á [hlekkinn!](#)

Sífarlægjandi hvirflmiðjun alheimsins.

Fjarmiðjandi alhvirflun heimsbyggðarinnar.

Smellið á **hlekkinn!** Smellið á **hlekkinn!**

Ljóðjól

Tíminn er eins og þvagleki

Það verður svo sannarlega engin sól í vetur

Smellið á [hlekkinn!](#) Smellið á [hlekkinn!](#)

Miskunnarlaus efnaskipti
sturlaðs 100 ríða veðurfræðings
brjálssýður:

„Er það bara ég
eða er heitt hérna?“

Smellið á **hlekkinn**! Smellið á **hlekkinn**!

Hardy Harley

Alveg er með öllu ólíðandi að menn séu að reykspóla,
taka handbremsubeygjur, velta, stökkva og gera aðra bæði
hamingjusama og vansæla.

Á 7. áratugnum þurfti ameríski töffarinn kraftmiklar umbúðir;
pappakassa, öskjur, límbönd, gormun, gyllingar og bóluplast.

Við samstuð takast bílar á loft snúast svo
slynkur kemur á ökuþóra í lendingu.

Geðlæknar hafa stundum óþarfa miklar áhyggjur
af að samþykkja spítalavist,
en ef maður slasast í árekstri
eða hnefaleikum
eða knattspyrnu
þá verður maður
reiður lagður
inn á Landakotsspítala
með bersæja blóðmigu og kviðverki.

Í dag er hinn ameríski Egill Skallagrímsson
leðurklæddur á Harley Davidson
eða „þeysir spýjuna“ framan
í gæslumenn og sjúkrapjálfa á heilsuhælum.

Einstigi

		Njósnað réttrar handar
rétt handan sjónar		
	soðnað hendur	soðnað konur
soðnað brjóst		
		soðnað
soðnað		
		soðnað leggings.
Pottur	stjórnlaus	
		suða stjórnlaus
skaftpottur		
		stjórnlaust soðnað.
Réttast væri, soðnað		
		handan sjónar
njósnað réttrar handar		
		soðnað
skaftpottaleifar.		

Snurvoðin snýst á veggjunum

I

stingandi aldivöðlum tindrandi gaffaltindum syngjandi söngvana
gleðisöngvana jólalögin glöggina og þig; glöggina og
mig; afturbatapíkur og stingandi strá með stáltaugar
taugastrá með stingandi sálir hriplekar í brandbikar
fjandvina fyrir andlitin hlandlituð í stjórn og bak;
lunningin hlunnindalaus laflaus og bátsverjinn allslaus eða hauslaus með
hlandlitið límt á andlitið svo grefur í strjúpsárinu og
ágerast ígerðir afstrammaðir útlímur og inngrónar afl-
maðar fingurbjargir bjarglausir bjarghringir gáskafullra
finngálkna;
eftirleiðis krjúpandi áleiðis eða svoleiðis fyrir fríkadellur og maríubænir lifir
ekki á eilífðinni einni saman í eilífðinni einni saman

II

stafsettur og stjakssettur og standsettur órétti beittur ólíkindageltur eftir
hálmstráum blánáum og álgráum algrímum grátandi í
hálsakotum og hálsakökkum óbilandi ístöðuleysi ergel-
sis andskotans hringaná gráttekki syngdekki áttekki
valbrá eða baldursbrá og grynningar, stinningar- og
blóðþynningarlyf;
segðu það með seglum og öllum í blindandi hlíðinni niður urðir með
grjótum ofaní gjótur bárujárnsþaka mænustunginn og
niðursokkinn hliðar saman á undursaman yndislegan
máta pótintáta án þess að gráta í hnútuköstum og
hnísuköstulum snurvoðin snýst á veggjunum snar-
stoppar ískrandi

Mannfögnuður

Petta er í engu líkt því sem mér hafði verið lofað; í engu líkt björtum sumarnóttum og holtasóleyjasykurlíkjörum brenndum í glóðum andskotans; stingandi stráum og útréttum höndum til að dansa við í mölinni með skuplur á tréklossum; og ég hef enn ekki orðið var við varinnar, enn ekki orðið var við opna glugga eða hlæjandi lyklabörn.

Undirstunginn með áætlunum um yfirráð hins smáa í veröldinni; þess sem lifir undir steinum og í líkamsskorum; ég veit ýmist ekki hvort ég veit ekki hvort ég eigi ekki að hlæja eða ég veit ekki hvort ég eigi ekki að gráta en hrópa undantekningalítið allir-saman-nú þegar tækifæri gefst til að rotta sig saman um hugmynd eða mannfögnuð því ég kann bara að vera einn eða með öðrum.

Afbakirðu orð mín mætti ætla að ég ætlist fyrir eitthvað; ég ætlast ekki fyrir neitt né til neins því það er líklega ekki til neins; ég sakna þín enn og get enn ekki logið neinu sem máli skiptir nema kannski augnablik og augnablik – rétt nógu lengi til að þú trúir mér í mesta lagi.

Smalakvæði

Hann var smali
og lenti í
aftakaveðri.

Féð beygði sig
í grasið
ógrátandi.

Blauta moldina
skóf upp;
stígar beygðu.

Ljósastaurar
dúuðu
einsog dýnugormar.

Pallbílar ultu
á aðra hlið,
á báðar.

Sigursteinn
gróf í jörðu
bein.

Lopi húfna
raknaði
af höfðum.

Loftlínu
strengir leiddu langlínu
símtöl.

Bein börðust
í hæl
og hnakka.

Læðupoki golu
og dala
- skríkjandi.

Enginn sótti
sykur og brauð
á 'onum rauð.

Hann var smali
var smali var smali
var Bengali.

Þetta voru hans bein
festu rætur; uxu
að manni.

Fyrirvari liðhlaupans

Stígur á línurnar brýtur hellurnar hellir sprungunum milli brjóstanna frussar blómapottunum yfir Ljónshjarta Guðmundar Skipherra Kjærnested slær sér á lær og tær blaðskellandi hysterískur eins og rokið sem dældar bárujárni gamalla kumbalda meðan gangstéttin molnar og grotnar og rís með nýjum húsum bílastæðahúsum stæðilegum bílastæðahúsum kantskorin þverskorin astrológísk gervigrysjud flötlögð og grátandi fljótum og brjótandi fótum og fljótandi bátum niður mósaískar stéttir úr bautasteinum sem slitna ekki sundur á slefinu.

Milli hleina grær murta til matar í brotnum botnum flaskna og flöskuglerja sprettur úr óbyrju frussandi frjómæði ópolinmóðra hóstakasta teygir litla angana lítil hringaná til himinkerja fyrir kínaverja – á flóttanum frýs í angan blómanna milli bómanna með spíkatsprengda fætur handanherja í miðju valhoppi andans manna tilgangsfatlaðra ólympíuleikmanna og útilegumanna skólaljóða.

Fyrst ótal byltinga för Nadja Sophie

I

Klofvega á baki kafloðinna brunabíla
niður fossa og út úr fallbyssum,
með aðra höndina á flautunni
og hina í lendunum:

„Pessi óp nísta sundur liðamót
strekka á gagnaugum eins og bassatrommum
fletja tær og sprengja utan af sér spennitreyjur.

Pessi óp blása glóðinni upp í vindinn,
fanga snjókor og stjörnur.“

II

Byltingin, gullið mitt, er kynfæraglíma
og ástin er einfaldlega þú.

Byltingin er ópin sem fanga glóðir
með lófum úr snjókornum,
lófum sem bráðna við mjaðmir þínar,
svo fangbrögð brunabíla
duga ekki til að slökkva eldana
í ruslafötum og múrsteinum
sem þeytast í gegnum rúður eins og af sjálfu sér.

Byltingin, gullið mitt, er kynfæraglíma
og ástin er einfaldlega þú.

III

Það fylgir því augljós feigð
að gleypa flugelda,

en ég er alltaf dálítið votur í fætturna
og dansa skottís á glóandi kolum,
svo gott sem fullklæddur
sveipaður engu nema þér.

IV

Í sumarbústöðum nýr gamalt nakið fólk
rasskinnnum sínum við kamínuvarir
til að hlýja sér á bossunum.

Í sumarbústöðum elskast fólk
eins og þvottavélar vinda föt
þegar tromlan er laus
og skrapatólið allt hriplekt;
en allir eru sammála um að viðgerð
væri fyllilega ofaukið.

Í sumarbústöðum hlýjar fólk sér
á bossunum.

V

Hendur mínar eru handsprengjur
sem ég get ekki hent í burtu.

Og til að bæta gráu ofan á svart næ ég ekki pinnunum úr
án þessar hjálpar.

VI

Tennur þessara brosa eru allra heimsenda,
bíta í tunglið báðum megin
svo ómar í glerungi
á meðan tungur eins og arabískir flautusnákar
þræða sér leið að klingjandi endajöxlum
sem læsast saman og loka blæðandi sári sem er
ég og þú.

Vitstola raddir

Petta eru vitstola raddir,
ráðskast með raddir vitstola
þetta eru erfiðir tímar og vitstola
raddir þetta eru vitstola raddir.

Taka tökin, missa tökin
herða tökin, grípa um taumana
töglin og hagldirnar höglin í
makráða missandi tökin.

Forsteyptir á hundasundi
eftir kastalásíkjum endilöngum
sífrandi forsteyptir með andköfum
um ginið slefsötrandi ráðamenn.

Uppspretta uppskorinnar engisprettu;
þurrksprungnar varir moldarbarðs.

Uppiskroppa með akörn!

Petta eru vitstola raddir,
ráðskast með raddir vitstola
þetta eru erfiðir tímar og vitstola
raddir þetta eru vitstola raddir.

Jöklakvæði

Hátt uppá lofti hringsólaði tungl
í næði drakk sitt marmelaði fúln-
að, í úraleit róteraði úln-
liðnum, beygði sig og bukkaði í kúln-
ahríð, dansaði með afli margra júl-
na, slefudaði á leiðinni á súln-
astað, að sjúga langaði á úln-
iseyrum heimsins límonaðidúlln-
a, hátt á lofti sólaði sig tungl.

Hýperbólusetning

Rétt um hálfþólf
að kvöldi daginn
fyrir sumarsólstöður, hvín
í sjónum fyrir neðan gluggann
minn. Og auk þess:
seytlandi
snörp
hljóð
með tveggja til þriggja mínútna
millibili.

Ég veit ekki hvað þau
eiga að fyrirstilla.

Kannski er þetta önnur hljóðhimnan að bregðast mér,
það sem ég hef heyrt
að seytla aftur út.

Kannski báðar hljóðhimnurnar
að hafna einhverju:

Degi að nóttu.
Brimi í logni.

Ég veit það ekki
og ég er ekki viss
um að það sé nokkur leið ég geti komist að því.

Rétt eins og það skipti engu máli.

Hristi höfuðið.
Missti höfuðið.

Þetta er hismið af orðum
sem þynnast stöðugt.

Hismið af
hljóðhimnusprengjandi ískrinu.

Og ég veit ég ætti að
hafa meiri tíma
til spillis.

Ég veit ég ætti
einhvern veginn að vilja

láta lífið

ég á við
láta vita

fyrir eitthvað.

Það iðar ekki í húðinni,
klæjar ekki í baðvatninu.

Við einstaka spurningum
er ekki spurt eftir svörum
heldur hismi

í
hljóðhimnusprengjandi ískrinu.

Við gæfum ansi margt í
skiptum fyrir ágætis hugmyndir.

Sýnum stillingu
og nálgumst
viðfangsefnin með
virðingu.

Og ískrið verður
hljóðmúrssprengjandi
rétt við flapandi
eyrnasneplana á þér.

Þetta eru hugmyndir til að
staðnæmast við.

Parabólusetning

Í rífandi gangi á
brokki og baksundi heillaðar
meyjar með glit í augunum svarthol
í augunum sem sýgur í sig hnappa
sauma klæði klink og rússneskar
stáltennur búlgarska postulíns-
góma það sekkur enginn
til botns í sjóðandi
vatni svífur
enginn
til skýja þegar rignir
golfboltum heldur lætur
sig síga í skjól dregur
saman himintungl
og telur krónurnar
sínar telur
kórónurnar
sínar
treður
ólesnum
gluggapósti í ristir
niðurfalla svo allt stíflast
og þegar himnaslefið
flæðir yfir
gluggakistur slokknar
glitið í augunum
slokknar
svartholið
og stúlkurnar sjúga
blóðið úr tunglinu eins og safann úr appelsínu.

Að skrifa ljóð eftir Christian Bök er hrein villimennska

svo morgt voltor
o

rooðom hjol
borom

gljoðom rogn
votno

hjo hvotom
honsnum

SÍÐASTI

LIDHLAUPI

ÞORSKASTRÍÐSINS

Formáli

Eitt sinn fyrir margt löngu síðan á skeri langt langt í burtu háðu tvö mikilfenglegustu stórveldi 20. aldarinnar landamærastríð þar sem hvergi var að finna land undir fæti. Þetta var hið svonefnda Þorskastríð, og víglínan lá 200 mílum utan við Íslandsstrendur. Stórveldin sem mættust í stríði þessu voru heimsveldi Breta annars vegar – sem knésett hafði heilu menningarheimana í Afríku og Asíu – og Ljónshjartað Guðmundur Skipherra Kjærnested hins vegar. Geysistór herskip Breta stímdu af dæmalausri fordild öllum sínum hnútum á íslenska skítakoppa, sem áttu oft mótorum sínum fjör að launa. Það var ekki sjaldgæf sjón á íslenskum miðum í þá daga að nefndur Skipherra Kjærnested stæði í stafni með hvítfyssandi öldurnar í fangið, tvíhleypta haglabyssu í mót öllum fallbyssum breska konungsveldisins, beinn í baki eins og það lægi gormur upp hrygginn á honum meðan svitinn seitleði niður læri og kálfa. En Ljónshjartað Guðmundur Skipherra Kjærnested barðist ekki einsamall. Að baki honum stóð fjöldinn allur af íslenskum valmennum. Piltar þessir voru meitlaðir úr íslensku hálendi, hertir af árhundruðasulti og veðravítum slíkum að furðum mátti sæta að þeir hefðu yfir höfuð komist í heiminn, fæddir af íslenskum valkyrjum um samanfrosin sköp milljón formæðra. Í æfingabúðum þessara stríðsmanna andans og vambarinnar voru fjörulallar snúnir til jarðar, tröllkerlingum hrint fram af björgum, vættir kveðnar niður með kynngimögnum kjafthætti, Skaftáreldar kæfðir í súr, móðuharðindum ræskt upp úr kokinu og siglt um á baki Andskotans líkt og Sæmundur forðum. Þessir piltar höfðu brotið upp lása Læðings, tunglið stóð blóðrautt og hreyfingarlaust á himni – elstu menn gátu ekki betur séð en hér væru spádómar eldri landsbyggðar að rætast.

Úr Þorskastríðinu var einn liðhlaupi. Þetta er saga hans.

Guðmundur Ljónshjarta Kjærnested sat yfir blaðinu og dýfði súkkulaðisnúðinum sínum í kolsvart Espresso Altura kaffið rétt í þann mund sem sólin skaut stöfum sínum upp yfir sjóndeildarhringinn og innum eldhúsgluggann. Hann rak augun í mynd af dreng sem hann kannaðist við. Í blaðinu stóð skrifað: „Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir manni á þrítugsaldri. Maðurinn er við hestaheilsu og þykir með eindæmum frár á fæti. Hann sást síðast á öxlum Leifs Eiríkssonar á Skólavörðuholtinu. Þegar lögregla nálgadist manni fældist hann og tók á rás niður Eiríksgötu í átt að fæðingarheimilinu og var horfinn sjónum þegar lögreglan hóf eftirför á ökutæki sínu. Þeir sem orðið hafa varir við ferðir mannsins eru beðnir um að setja sig í samband við lögregluna í Reykjavík.“

II

Hann sat við morgunverðarborðið og velti fyrir sér stríðinu þegar hann afréð loks, í eitt skipti fyrir öll, að fara ekki. Hann hafði sett á sig kasketið um leið og hann vaknaði en tók það af sér og lagði frá sér á borðið við hliðina á smjörbakkanum. Það hóf að surga í útvarpinu þegar hann teygði sig í derið og þegar kasketið hafði svifið í gegnum loftið og lent á borðinu heyrðist ekki lengur í músíkinni fyrir truflunum. Á bakvið suðið var Gerður G. Bjarklind og lagið sem hún hafði verið að leika. Það hét eitthvað í líkingu við „Saman tvö yfir Rio Grande“ og minnti hann á það þegar hann hafði þínulítill þjakkur verið í réttum og riðið einni rollunni yfir á sem var varla nema lækjarspræna og nefndist Alveðra. Hann tók upp kasketið. Gerður og lagið stungu sér út á milli skýjanna; ástríðufullir mexíkólúðrar báru lungum fagurt vitni og ofvaxin hjörtun börðu bumbur. Hann hélt kasketinu yfir morgunverðarborðinu um skamma stund án þess að vita fyrir sitt litla líf hvar hann átt að leggja það frá sér. Loks afréð hann að setja það aftur á höfuðið, en lofaði sjálfum sér í sömu mund að það þýddi ekki að hann ætlaði í stríðið.

III

Úti á reginhafi hringsólaði íslenskt varðskip um gríðarstóra þorskorfu. Þorskarnir börðust áfram af kappi enda héldu þeir varðskipið síðutogara sem kominn væri til að veiða þá í troll sitt. En svo var auðvitað alls ekki. Þorskarnir hefðu sem best getað hægt á sér, jafnvel staðnæmst alveg, því varðskipið var þarna stutt fyrst og síðast til að vernda þorskinn fyrir mögulegum ágangi breskra hottintotta, sem hrifsa vildu allan þorskinn með sér heim í soðið. Með kartöflum og mjólkurglasi. Og varðskipið kæmi ekki til með að veiða einn einasta þeirra. Stafnmey skipsins var eftirlíking Vigdísar Finnbogadóttur í hlutföllunum 2:1 og í höndunum hélt hún á risastórum skærum, 10 metra hnífum, sem gengu undir nafninu „klippurnar“ og settu beyg að hverju bresku sjómannshjarta. Af „klippunum“ fóru hryllilegar sögur um sveltandi mæður og börn í litlum sjávarplássum sem iðulega voru sögð vera á N-Írlandi eða Skotlandi. „Klippurnar“ þóttu einar og sér ábyrgar fyrir hungri og eynd á gervöllum Bretlandseyjum. En sagnanna vegna var nýst við fáein pláss í útnárabbyggðum enda hefur það löngum verið haft fyrir satt á Bretlandseyjum að ekkert sé jafn eymdarlegt og Skoti, nema ef vera skyldi Íri.

Hellunum á Austurvelli hefur verið stolið. Engir vegfarendur munu hafa orðið fyrir meiðslum af tilefninu og ekki varð nokkur var við þjófnaðinn, sem talið er að hafi átt sér stað aðfararnótt einhvers þriggja síðustu miðvikudaga. Ekki er vitað hvar hellurnar eru niðurkomnar, en grunur leikur á um að þær hafi verið lagðar yfir aðrar eins hellur á einni af hinum gangstéttum bæjarins og séu þannig ósýnilegar beru mannsauganu. Sem stendur er gras á vellinum öllum en yfir tvö þúsund borgarstarfsmenn leggja nú nótt við nýtan dag til að finna hellurnar áður en þingstörfum lýkur í kvöld. Til vonar og vara eru slökkviliðsmenn á svæðinu með stigabíl og munu þeir ferja þingmenn lýðveldisins niður af svölum Alþingishússins ef til þess kemur að hellurnar komi ekki í leitirnar. Jón Sigurðsson horfir hnugginn á, fullur vandlætningar og vonbrigða. Frekari fréttar er að vænta síðar í dag.

Hann hafði skutlað sér ofan í eitt af sprengjubyrgjum Öskjuhlíðar og einhvernveginn tókst honum að flækja sig í gaddavírsrúllu sem lá í reiðileysi við opið og hékk nú á öðrum fætinum hálfur ofan í einni þessara moldvörpuhola sem herinn hafði borað í hlíðina; honum hafði aldrei verið það ljósar en á þessari stundu, þar sem hann hékk frammi fyrir sundurgataðri og blæðandi íslenskri náttúru, að Íslendingar áttu ekkert með að hafa her eða vera her. Herir eru fyrir tígulegar þjóðir, hugsaði fyrsti, síðasti og eini liðhlaupi þorskastríðsins, yggldi sig af skömm og reyndi að hrista sig lausan í ekkaköstum. Í látunum skarst vírinn dýpra í kálfann á honum, hann sveiflaði höfðinu til og skallaði grjótnibbu sem stóð út úr moldarveggnum og losnaði loks við litla sjálfumgleði, hrundi til jarðar – já eða til neðanjarðar! – með miklum látum og mátti þakka fyrir að vera ekki brotinn; kominn hálf leið til helvítis.

„Stattu á fætur“, hvislar hann að sjálfum sér svo enginn heyrir. „Stattu á fætur og taktu til fótanna.“ Veröldin byrjar að mjaka sér aftur fyrir hann, hægt í fyrstu – eins og 40 þúsund kílómetra ummál yfirborðs jarðar sem umfaðmar 6 milljón trilljón kíló af grjóti, eldi og blóði sé hikandi, hvekkist undan einhverju – og svo hraðar þýtur sífellt hraðar framhjá galopnum gagnaugum hans sem skína í tvær höfuðáttanna og sneiða þannig veruleikann í tvennt: Það sem finnst ofar höfðinu og það sem finnst neðar höfðinu.

Það gengur á með öldugjálfri í glufum útsjávarskerja sem reka nefið rétt svo upp úr ballarhafi eins og til að þefa af landlausri veröld meðan skemmtiferðaskip sigla hjá með lestarfylli af þýskum túristum í leit að löngum norskum fjörðum, og íslenskir kaupskipaflotar samfljótandi í átt að skjótfengnum gróða sem lyktar eins og saltfiskréttir á frönskum veitingahúsum eða skosk verkamannaeldhús, lítið eitt meðvitaðir um djúpin sem kilirnir kljúfa og ráðagerðir fiskanna.

VIII

Að reka á undan sér hóp íslenskra ungmenna í oddaflugi niður Laugaveg, Bankastræti og Austurstræti – þ.e. frá Hlemmi framhjá Tóbaksbúðinni Björk niður að gamla Morgunblaðshúsinu – er fæstum hægðarleikur þó Guðmundur Skipherra Ljónshjarta Kjærnested framkvæmi þess lags gjörninga með slíkum þokka og bravúr að maður ræður ekki við að fá það á tilfinninguna að þetta gæti maður sjálfur auðveldlega í sömu mund og maður fær vökustauramartraðir um að missa takið á einum unganum sem hrapar, brotnar á hellunum og lekur milli gangstéttarsprungna, og svo aftur og koll af kalli í taugaveikluðu fáti þar til enginn þeirra er eftir.

Guðmundur Ljónshjarta Kjærnested beit í gegnvotan súkkulaðsnúðinn og saug hann ofan í strjúpann með djúpu, holu soghljóði. Hann kannaðist við drenginn. Hann hafði séð hann áður. Þessi drengur var einn þeirra sem heykst hafði á skyldum sínum við íslenska þjóð, íslenska sjómenn og íslensk fiskimið. 8 mílur? 50 mílur? 200 mílur? Það var ekki aðalatriðið. Hið skilyrðislausu skylduboð var þetta: Þjóðin gat ekki látið vaða yfir sig. Honum hryllti við drengnum. Þetta var hugleysingi. Kveif. „Aumingi,“ tuldraði Guðmundur fyrir munni sér og fletti yfir á næstu blaðsíðu.

Upp úr jörðinni flögrar snjótittlingaskítur sem splundrast í regndropunum og verður að mykjunni sem blómgar jörðina. Gróðurinn er lifibrauð þorskanna þúsund og silfrar hreistur þeirra. Liðhlaupanum verður hugsað til smjörs og kartafna, máðra hnifapara og mjólkurglasa sem teygja sig upp í dökkgrá skýin – þetta var eitthvað sem hann hafði séð í kvikmynd um eftirstríðsárin og kom iðulega upp í hugann þegar hann settist niður til að borða. Hann hafði óljósa hugmynd um að svona snæddu menn úti á sjó, að þeir skófluðu þessu í sig á milli þess sem þeir skutu niður bresk herskip með haglabyssum og hæddu kapítana með vélbyssukjafthætti. Yfir hlíðina flögraði þögul orrustuþota.

Honum leið eins og leðurblökumanni í myrkrinu; umvafinn púlsandi mosa; sægrænum blágrænum skærgrænum og dulítið brúnum. Þvalar steinnibbur gægðust út undan undarlegri loðnunni á veggjunum. Síðasti, fyrsti og eini liðhlaupi þorskastríðsins nuggaði sér um augun á meðan þau vöndust myrkrinu – sem þau gerðu reyndar alls ekki – og reyndi að feta sig áfram eftir göngunum í átt að helvíti; reyndi að söngla There ain't no train to Stockholm með Lee Hazlewood og þóttist góður að muna helmingsinn af textanum og næstum því ekki neitt af laglínunni; reyndi að dansa og söngla og feta sig áfram. Hann átti hálfvegis von á því að rekast á Jules Verne með nótubók að glósa jarðlög en hitti engan það hann best gat séð. Göngin náðu nokkur hundruð metra niður í átt að miðju jarðar en klifu svo aftur upp og við enda dags náði síðasti, eini og fyrsti liðhlaupi þorskastríðsins aftur upp á yfirborð jarðar.

„Hífopp,“ æpti kallinn – piltarnir læstu krumblunum um trollið og drógu berhent upp úr hafinu metafla af hungruðum breskum börnum. Þau voru blá um varirnar og saltbrunnin í framan. Augun voru harðger – þetta voru engir vesalingar þó húðin væri losaraleg á berum beinagrindum – og fingurnir voru sigghlaðnir langleiðina upp á olnboga. Það var engum heiglum hent að verka þessa mögru skrokka svo úr þeim fengist varningur sem selja mætti í landi, fyrir sæmilegan pening ef heppnin væri með í för. En þetta voru heldur engir venjulegir sjóræflar sem verkuðu, eins og sagt hefur verið frá, heldur hið vaskasta kyn Íslands, stafnmenn barðir til verka frá fyrsta degi og viljugir andans menn. Það varð vitum þeirra til velgengni að breskum börnum blæddi ekki.

XIII

Þetta var sama sólin og hann hafði skilið eftir. Sama sólin og hafði skilið hann eftir. Hann klóraði sér í blóðugan kálfan og reyndi að tálga harða drulluna framan úr sér. Hann stóð eins og afglapi í miðjum kirkjugarði; svo virtist sem göngin enduðu í átekinni gröf. Á legsteininn höfðu verið merktir þrír stafir sem síðasti, fyrsti og eini liðhlaupi þorskastríðsins gat sér til um að væru upphafsstafir nafns: SIG. Þá var andlátsdagsetning en engin fæðingardagsetning. Sigríður eða Sigurður eða Sigrún eða Sigmundur eða Sigurgeir eða Sigurbjörg – eða hver þetta var – gæti hafa dáið í blóma lífsins, hugsaði hann og klappaði köldu stuðlabergsbasaltinu. Það var ómögulegt að segja nokkuð um það án þess að leggjast í frekari rannsóknir. Hann vissi sem var að þessi gröf náði mörg hundruð metra niður í jörðina þar sem var afskaplega dimmt og hann ekki með neitt vasaljós. Auk þess lá honum á að halda flóttu sínum áfram. Hann mátti engan tíma missa og þusti á brott.

Á sjávarbotni eru silfurlitar rákir þar sem torfur hafa dregið magann yfir kóralrif, drukknaðar sandstrendur og fremstur fer forystuþorskur, drottningarbýfluga hafsins, hlykkjast tígullega og einbeittur færir flota sinnar hátignar nær landi. Það suðar í þúsund þorskum, suðar og iðar og brennur í hreistri, syngur af kátínu og kurrar af reiði. Rákirnar fyllast svörtum sandi og hverfa og upp í gegnum netin má sjá glitrandi yfirborð sjávar skorið í tvennt af kjölum íslenskra herskipa. Veröldin sópast burt undan níðþungum svífandi toghlerum en fylkingin heldur áfram oddafluginu og hvíkar hvergi. Þetta er veröldin sem neitar að brotna, neitar að trosna í sundur, leysast upp og hverfa – þó hún sópist og þyrlist og molni. Veröldin er ekki önnur þó hún sé hlutuð í sundur. Veröldin er ein og hin sama.

Uppi á fjallinu sá hann hvernig rafmagnslínurnar teiknuðu útlínur siðmenningarinnar í landið. Siðmenningin var ólöguleg að forminu til en samt einhvern veginn fullkomin og nákvæmlega eins og maður hefði ímyndað sér að hún liti út af fjallstindi. Hann settist niður á grjóthnullung og skóflaði mól upp í lófann á sér. Það var eitthvað verulega óþægilegt við að horfa á siðmenninguna af fjalli, eins og hann væri að gægjast á gluggann hjá einhverjum, úti eftir miðnætti í leyfisleysi. Sólin rembdist við að láta sig hverfa á bak við fjall handan siðmenningarinnar, en gekk verkið hægt.

Sigurbásúnur silfurlitar skjóta gneistum fram af svölum við Laugaveg, skjóta tónum út í loftið svo þeim rignir yfir Þingholtin – silfurlitar JAS 39 Gripen orrustuþotur frá Saab Aerotech í Linköping skjóta loftskeytum að hvítum skýjahnoðrum yfir Lækjargötu en undir malbikinu gutlar vatn og hnoðrarnir tutlast í sundur, trosna í sundur og tæstast í sundur, leka niður og blandast tónunum. Á bekk við Austurstræti liggur þreyttur ógæfumaður sem ratar ekki heim til sín og hlær viðstöðulaust þegar líters sparivínflaskan fellur á hliðina og rúllar með hægð áleiðis frá bankahúsinu bakvið bekkinn, hika augnablik og augnablik í sprungunum í gangstéttinni en rúllar áfram þar til hún loks staðnæmist við stöðumælastofn og ógæfumaðurinn þagnar, ógæfan þagnar og það eina sem heyrir eru lágværir hreinsunareldsskrækirnir í silfurlitum sigurbásúnunum ofan við Laugaveg.

„Guðmundur Ljónshjarta Skipherra Kjærnested æfir uppgöngu í skip“, stóð undir myndinni. Myndin var af honum sjálfum og fáeinum af vaskari sonum Íslands sem munduðu kylfur sínar, með girndarglampa hins íslenska þorsks í augunum. Piltarnir stóðu öðrumegin á þilfarinu, brjóstfagrir af föðurlandsást og Guðmundur stóð hinumegin, stillingin uppmáluð. Virðingin. Hann var höfuð þessa hers. Hjarta þessa hers. Lungu hans og lifur. Og þind. Drengirnir voru barefli hans. Hann var hreðjar þeirra. Á myndinni voru þeir að sjálfsögðu kyrrir en í raunveruleikanum hafði kurrað svoleiðis í þeim að þeir gengu allir upp og niður af spenningi og þegar Guðmundur hafði látið hönd sína falla þustu þeir eins og regn fallbyssukúlna yfir þilfarið og upp í togara sem hafði verið fenginn að láni til æfingarinnar. Aftur fletti Guðmundur.

Það er matur í grasinu, glassúrskreyttar tertur og opinmyntir þorskar með epli í munnum. Lakkrisplötturnar dúa, það syngur í sykurreyrnum og liðhlaupanum rennur rauðvín milli skinns og hörunds. Á himnum er íslenskt dumbungsveður. Rigningin silast af himnum og það er eins og vindinum finnst fyrirhöfnin ekki þess virði. Í grasinu eru ungar sem skríkja mót sólu og liðhlaupinn gubbar hlýjum blæstri sínum ofan í þá meðan þrekið endist. Hlýni þeim fær ekkert stöðvað sumarið á jörðu niðri – en á himnum er ennþá íslenskt dumbungsveður. Á himnum er alltaf íslenskt dumbungsveður.

„Þar sem erfitt hefur verið að fá Alþingi til að samþykkja aukin útgjöld til hernaðar – m.a. vegna þeirra fjárfestinga sem ráðist var í í Írak – höfum við brugðið á þetta ráð,“ segir Guðmundur Ljónshjarta Skipherra Kjærnested, sem næstkomandi pálmásunnudag ætlar að bregða undir sig betri fætinum og stíga á bak múlasnans Elvis úr búdíragarðinum á Hellu og ríða frá tívolíinu í Hveragerði niður á Austurvöll í Reykjavík, til að safna fé fyrir nýjum netaklippum í varðskipið Ægi. Síðustu daga hafa dátar úr íslenska Flotanum gengið í hús um land allt og safnað áheitum á skipherrann. „Sumum finnst þetta mögulega langt gengið,“ segir Kjærnested. „En eins og staðan er sé ég enga aðra leið færa.“ Frá því seint á síðasta ári hafa íslensk hernaðaryfirvöld haft leyfi til að afla sér eigin tekna án þess að við það skerðist framlög ríkissjóðs.

Hann drepur í hverri sígarettunni á fætur annari á eikarborðinu í eldhúsinu. Borðið er fyrir löngu alsett brunagötum svo fáein í viðbót breyta engu til eða frá, en ýmsir gætu freistast til að telja að gáfulegra væri að hann reykti þó að minnsta kosti sígarettunnar, á meðan öðrum þætti það stakasta vitleysa að hann gataði á sér lungun líka. Liðhlaupar þurfa jú á þreki sínu að halda í langhlaup gegnum frumskóga, iðandi á fjórum fótum eftir farvegi skítugra lækjarspræna við undirspil sírenuvæls og vélbyssuhríðar. Þetta veit hann og drepur í hverri sígarettunni á fætur annarri, þó hann stelist til að fá sér stöku smók til að róa taugarnar því það tekur á að vita af einhverjum á hælum sér þó maður heyri ekki endilega til hans.

„Föðurland vort hálf er hafið, helgað margra feðra dáð“ syngja þúsund þorskar og þúsund vaskir piltar í fimmundaðri útsetningu sem enginn man lengur hver skráði en er meitluð í fjörugrjót þjóðarinnar, einn-tveir-þrjú-fjór, dirrindí og hoppsasa og sjúddirarírei, í stoltum fleyjum stórsjónum á, hönd í hönd í stjórn og bak og ástkær fósturjörð þar til hávaðinn verður slíkur að það líður yfir landvættina rétt nógu lengi til að þúsund torfur þorska skjóti sér framhjá annars vökulum augum landsteinanna varðmanna. Mansöngvar manlausra vígamanna sem sigla um eilífan aldur og kunna þá listir einar að sakna og stíga ölduna: „Vígi og skjöldur vertu þeim, sem vinda upp hin hvítu tröf. Drottinn! Þinnar ástar óður endurhljómi um jörð og höf!“

Brjóst Guðmundar Skipherra Ljónshjarta Kjærnested reisir sig upp mót himni eins og uppblásinn hitapoki svo skugga leggur yfir Austurvöll, Nýja Kökuhúsið og hórukassann á móti Landsbankanum, hórukassann á móti hórukassanum – geirvörturnar stinga sér út í herforingjasilkið á milli marglitra medalíuborða sem flaksa í vindum, áköfum frelsisvindum sem ákalla afturgöngur íslenskra garpa og fjölkunnugustu tilbera sem móðurjörðin hefur fósrað í mold sinni og grjótum, búfénaðurinn fórnar sér sjálfur guðunum til heilla – mannskepnunni til dýrðar og sigurs! Bakþankar eiga ekkert heimili í hjörtum hinna kjörkuðu!

Ljósakrónan í loftinu hrundi fyrir einhverju síðan en var hengd aftur upp án þess að nokkur hefði fyrir því að sópa glerbrotunum upp, skipta um perur eða tengja rafmagnið á ný. Hún er oftast átthyrnd, en einn armurinn á það til að falla niður eins og hann sé á hjörum og þá má hver geta sér þess til hversu marghyrnd hún er (einungis verður gefið rétt fyrir átthyrnd eða sjöhyrnd). Lögun glerbrotanna breytist í hvert skipti sem einhver gengur yfir hauginn og mylur þau í sífellt smærri brot – en þau hafa alltaf verið jafn mörg: Óteljandi. Margir hafa getið sér þess til að því sé líkt farið um glerbrotin og snjókornin að ekkert þeirra sé eins í laginu, en aðrir, sem ekki hafa þorað að bera brigður á þetta lögmál, hafa spurt hvort verið geti að sum glerbrotin séu í laginu eins og sum snjókornanna, og þykir það í raun ekki ólíklegt þó engar sönnur hafi enn verið færðar á kenninguna.

Á skrifstofu flotamálaráðherra var þykkt gólfteppi með holtasóleyjamunstri. Á grammófóninum liðaðist nálin yfir 78 snúninga plötuna Lummur Jóns Leifs svo kraumaði í, „Hani, krummi, hundur, mús,“ flautaði ráðherrann gleðilega á meðan hann skrifaði undir tilskipanir um ditt og datt: Nýja skutla, betri klippur, yngri dáta og eldra viskí. Flotamálaráðherra var einn á skrifstofunni og þá var bankað. „Kom inn!“ Hurðin opnaðist og inn á skrifstofuna gæggðist ungfrú Tímóteusardóttir, ritari flotamálaráðherra. „Herra, hæstvirtur Guðmundur Skipherra Ljónshjarta Flotaforingi Hershöfðingi Kjærnested er kominn að hitta þig.“ Flotamálaráðherra setti í brýnnar, og sjálfblekungurinn sem hann hafði notað viðstöðulaust til undirskrifa síðustu klukkustundirnar staðnæmdist í loftinu, hann leit hugsí upp. Þá opnaði hann tvær skúffur og setti undirskrifuð skjöl í aðra, en óundirskrifuð í hina. „Vísaðu herra Kjærnested inn, ungfrú Tímóteusardóttir“.

Krabbadýrin faðma að sér sæbjúgun af kærleikanum einum saman og kærleikurinn uppfyllir alla anga krossfiskanna sem sjúga sig fasta á hvalskrokka við hlið hrúðurkarla sem eru nýfluttir hingað af síðum kræklingaskelja. Vatnið er salt en ekki svo þú getir ekki andað ef þú bara einbeitir þér, ef þú bara gefst ekki upp heldur tálknar og gefst ekki upp heldur tálknar – saltið bindur vatnið í líkamanum svo allt verði eitt og þið fornið marglyttur og armslöngur og sæfifla og kóraldýr í enjandi hamingju, sprengið brumknappa þangsins með tveimur fingrum tálknin á stilkum og skyrpið önglum úr sártættum blóðkjöftum svo vessarnir dropa hægt gegnum sjóinn slepjast taktfast niður smokrandi eins og í hraunlampa á skrifborðinu lengst uppi í landi allt til botns og blandast hrognunum sem bíða færís að klekjast.

Samkvæmt rannsóknum við virtan erlendan háskóla er hafið nokkuð dýpra en áður var talið og hafa gárungar heitu pottanna haft á orði að nú nái það „alla leið niður á botn“ og hlegið svo hryssingslega að sjóðandi heitt vatn pottanna hefur gengið á land með tilheyrandi grynningaráhrifum. Kenningin hefur valdið nokkrum deilum í kreðsum alþjóðlegrar frumspeki beggja vegna Atlantsála, og hafa málsmetandi aðilar jafnvel blandað sér í slaginn á köflum með langhundum í virt vísindarit. Skiptast deiluaðilar þá í þrjá álíka stóra hópa: 1) Þá sem telja hafið nú sem áður mjög djúpt, 2) þá sem telja hafið nú mjög mjög djúpt og 3) þá sem telja hafið mjög dýpra. Sér ekki fyrir endann á deilum þessum.

Myrkrið lekur yfir gluggann eins og svört tjara svo beggja vegna rúðunnar verður allt dálítið dimmara en það var áður. Öðrumegin heyrst suðið í engisprettunum sem núa saman fótunum af æsingi yfir veröld sem þeim þykir alltaf meira spennandi eftir því sem á líður, en hinumegin sýður vatn í tekatli liðhlaupans sem er á bakinu undir eldhúsbordinu og skoðar sígarettugötin öfugu megin borðplötunnar: Þar er ekkert að sjá nema tiltölulega heila eik með fáeinum kvistum og borðlappir þaktar litlum rauðum munnum sem teygja sig fram í veröldina tannlausir og glefsandi. Niður lappirnar lekur slefið úr munnunum út á gólf þar sem það blandast ryki sem fyrir löngu hefði átt að sópa burt og verður að svartri tjöru sem þvælist upp veggina.

Guðmundur Ljónshjarta Skipherra Kjærnested stendur á Austurvelli með hnefa á lofti í miðju tárugasbaði. Hann snýr ekki að alþingishúsinu heldur frá því og steytir hnefann að Jóni Sigurðssyni sýfilisbana, í fullri vinsemd reyndar við háttvirtan forsetann enda sæðir blóð þessara vopnabræðra íslenska fósturjörð svo úr henni vaxa melónur og fjallagrös, beitukóngar og strigakjaftar. Á vellinum skottast hvítliðar með gasgrímur og þykk bendiprik sem þeir nota til að merja nefið á þekktum djassleikara sem hafði komið sér fyrir með melódikku við Nýja Kökuhúsið og lék eitthvað endemis Cole Porter drasl sem engum finnst skemmtilegt, en verra var þó að hann skyldi hafa gleymt eftirlitsmyndavélinni sinni heima og enginn vissi hvar hann var eða hvað hann var að gera og við höfðum áhyggjur af honum. Guðmundur Ljónshjarta Skipherra Kjærnested tekur af sér sólgleraugun og tautar eitthvað í hálsmálið á sér sem samstundis er ritað á blöð sögunnar.

Þúsund þorskar stinga tungunni ofaní Ísafjarðardjúp svo titra grannir broddar á löngum tungum, stinnast hvítnandi hnefar og brýnast hertir oddar, munnholin fyllast af þangvöfðu brimsöltu smágrjóti, harðfiskhjallar á flotholtum dúa inni á fjörðunum og þorskeldiskvíarnar iða svo myndast svelgir og ofan af fjöllunum er eins og firðirnir séu fullir af sjóðandi pottum og bubblandi hraðsuðukötlum, kjaftforum vestfirskum uppreisnargjörnum heimalningsþorski sem séð hefur myndir af stórum heimum og myndað hefur sér stóra drauma í litlum brothættum brjóskhöfðum, stóra drauma um að sporðreisa stóra heima, sporðrenna stórum heimum með sporðaköstum í skýjaborgasporðakastölum.

„Þér nöðrukyn,“ les liðhlaupinn í bók þar sem hann situr á mosivöxnum stein. „Vér nöðrukyn,“ læðir hann hljóðlega milli vara sér ofan í perlu-prjónað háls málið, dálítið ásakandi og lítið eitt hneykslaður, ef ekki bara ofurlítið upp með sér. Hann svengdi eftir ávöxtum en lagði ekki í hrútaberin sem tína mátti villt af túninu með því að skreiðast á maganum milli grasstráa hnusandi útþöndum nösum eins og stígvélaður dónakall á heiðvirðu bókasafni. „Vér nöðrukyn!“ stakk hann að himninum hrósandi sjálfum sér og gott ef það var ekki sannleikur í því sem honum sýndist að sjálfir þungbúnir skýjabakkarnir lýstust upp og hopuðu fjær jörðu, líkt og þeir óttuðust þessa innblásnu og feikna kröftugu raust. „Vér nöðrukyn og hýenur!“

Þetta var í þá daga að allt heldra fólk var góðtemplarar og skálaði hvorki í dýrum vískeytum né kláravíni á fundum eins og tíðkaðist síðar, þess heldur var boðið upp á tóbak og flotamálaráðherra átti forlata vindlinga-skammtara sem hvíldi á fjærenda skrifborðs hans. Skammtarinn var í laginu eins og sætabrauðshúsið í Hans & Grétu og ef maður þrýsti fingri á súkkulaðiþröskuldinn lyftist marsipanþakið upp og í ljós komu miklar hvítar breiður af Chesterfield vindlingum. „Prófaðu að ýta á þröskuldinn,“ sagði flotamálaráðherra rogginn við Guðmund Ljónshjarta Kjærnested sem reyndi að leyna vanþóknun sinni á þessum fíflalátum. „Ég er með pípuna,“ sagði Guðmundur. „Já, ég veit vel það,“ svaraði flotamálaráðherra. „Þú þarft ekkert að fá þér vindling, en prufaðu samt endilega að ýta á þröskuldinn.“ Það hlakkaði í honum eins og smápíku fyrir bitlaball. Guðmundur ýtti þreytulega á þröskuldinn og það var eins og við manninn mælt: Marsipanþakið lyftist varlega upp. Hani, krummi, hundur, mús spilaðist til enda og alþingishátíðarkantatan Þjóðhvöt hófst viðstöðulaust í kjölfarið.

Úr þurru hafsbotni skaga kóralrif og rúlla kuðungar, sprikla þúsund feigir þorskar og ýlfra skvapandi kolkrabbar í öngum sínum öllum þvældum, þrjóna sæhestar og svimar skötur á þöndu vænghafi og með öllu uppgufuðu himinhvolfi, stinga hnísur undan og mæla krabbaflær framhá vigt – „Það er ekkert vatn,“ æpa dýrin í vatninu öll í kór – „Það er enginn sjór“ leiðréttu málfarsráðunautar á meðan veröldin kafnar og sprikl glitrandi sildartorfa sem allir héldu að væru löngu horfnar en hafast við milli skerja í dýpstu hafkimum setur glýju að augum gíruga stórfiskaleikara. „Það er enginn glaður,“ bætir við djúprómaður hvalskrokkur – og svo vaknaði liðhlaupinn. Í hafinu var ennþá sjór.

Hálfbjánalegt graftarblandað slef sæðir jarðir svo blómin spretta ómálga í kringum hitt og þetta með geispum og tóftum þar sem áður voru skínandi augnagimsteinar, kveljandi þrár og stírir sem nudduðust burt af sjálfu sér þegar lokin stóðu opin upp í stormana – allt sem einhvers var virði var flutt nauðugt úr landi með langskipum og alltað sexmastra skonnortum í skiptum fyrir biskví og duggaravín, garðaprjónaðar bolflíkur með rúðumunstri sem afhjúpa mannanna hjörtu jafn örugglega og blóðgast órímuð tungl sem hoppa og skoppa yfir heljarbrýr með mannabein í maganum – en það gerði ekkert til því það var hvort eð er aldrei neitt í hjörtum mannanna sem orð var á gerandi.

Situr í grasinu og sendir skilaboð út í sólskinið, berfættur með blóm í hárinu og Mercedes Benz eða eitthvað þaðan af verra í eyrunum og kannski bara alveg inn í höfðinu ef að öldurnar breyttust í vín – það syngur enginn lengur eða kannski söng aldrei neinn til að byrja með, hér finnast engin sönnunargögn um eitt eða annað, hér finnst bara sólin sem endurvarpar skilaboðum liðhlaupans og raular með heiðagæsinni og hálendislækjunum á meðan blómin skjóta rótum í liðhlaupann, gullregnið vefur sér um tærnar og þvælist upp eftir lærunum, læsist um mittið og bítur í geirvörtunarnar undir opinni asiútreyju í fleiri litum en augað kann að nema og öllum æpandi og áberandi, eins og frídansandi hippar við heimsendi kannabisglottandi þegar glóðin brotnar af svífur til jarðar og fírar upp í öllum heimsendans sprengiþráðum.

Svo virðist sem slippurinn í Reykjavíkurhöfn hafi verið fluttur í heilu lagi eina tíu sentimetra upp af jörðinni. Hafa starfsmenn slíppsins af þessum sökum gengið á þröskulda í allan dag og misstigið sig í tröppum, auk þess sem erfitt hefur verið að ná til hluta á hillum sem áður voru innan seilingar, en eru nú of hátt uppi. Að sögn hafa kollar, stigar og hjálmar aldrei komið í eins góðar þarfir og einmitt á þessari ögurstundu. Ekki er vitað hvað olli flutningum slíppsins – beint upp í loftið! – en talið er að orsakirnar séu í fyllsta lagi vísindalegar og hafi með samtengda virkni margra náttúrulögmála að gera. Sú kenning hefur raunar fengist staðfest í forsætisráðuneytinu. Lögreglustjóri segist ekki hafa fengið málið inn á borð til sín. Segir hann að þó láréttur flutningur húsa án leyfis skipulagsnefndar sé vissulega ólöglegur sé líklega ekkert ólöglegt við lóðréttan flutning, svo fremi veggir séu ekki lengdir. Málið er til umfjöllunar í borgarráði og er frekari fréttá að vænta síðar í dag.

Guðmundur Ljónshjarta Skipherra Kjærnested þokar sér í gegnum miðbæ Reykjavíkurborgar og hvar sem hann stígur fæti niður brennur til grunna einn skakkur og skældur skúrkumbaldinn til – verður að ösku – og í fótspor hans koma fréttamenn, slökkviliðsmenn og síðastur sjálfur borgarstjórinn í öskukallasamfestingi með pípuhatt á höfðinu og sótarakúst í eftirdragi. „Hingað og ekki lengra! Nú eru síðustu dagar 19. aldarinnar!“ segir á spjaldi sem hangir um höfuð órakaðs útigangsmanns. Hann stendur á tómunum grænmetiskassa við hlið standklukkunnar á Lækjartorgi og bendir spámannslega á himininn sem er við það að láta undan þyngd eilífðarinnar sem á honum hvílir og hrynja loksins, loksins hrynja á viðbúna borgarbúa í lofttæmdum umbúðabúrkum. Við borðum ekki meiri kebab því brátt kemur að landi þorskur.

Þúsund þorskar bryðja eyjarnar eins og súkkulaðispæni og hrygna í hraunsár Heimaeyjargosa svo heimamenn dúa í kvikustrókum áður en þeir hrynja í hafið eins og tindáttar í dómínótafli – þúsund þorskar bryðja Surtsey og Geirfuglasker, þúsund þorskar fylla kinnar af mosa og hreðjar af sprungnabergi og sprangandi eyjapeyjum, þúsund þorskar bryðja Heimaey og Heimaeyjapeyja og þúsund þorskar bryðja ballgesti, þúsund þorskar bryðja bíóhús og timburkofa, þúsund þorskar graðga í sig gangstéttir og slökkviliðsbíla, götuljós og kirkjutröppur, þúsund þorskar hamast við að háma í sig apótekið og Elliðaey og þúsund þorskar sporðrenna hikstalaust Þrídröngum. Þúsund þorskar ropa svo drynur í himnunum og þúsund þorskar sigla í var – leggjast á meltuna.

Hífopp og hoppsasí með bera fætur í marflóm upp undir ökkla, sparivín á pela fyrir brjóstinu meðan hjartalokur gera hífopp og hoppsasí, dæla sparivíni um flapsandi hjartahólf þéttkennd í rúsuðu æðakerfi og bryggjuballamúsíkin sparkandi af sér skónum í kelerí við bryggjustólpa, einmana raulandi Gylfa Ægisson, liðhlaupinn með andlitið ofaní brjóstinu þvoglumæltur við sjálfan sig, óljósum hugsunum lýstur niður hingað og þangað – hann er að gera haugasjó og hoppsasí í miðnætursólinni með gutl og gjálfur í hljóða stað, skvamp í höfuðs stað og jörðin skekur strandlínuna sem er það eina sem skilur okkur frá þeim í lífsins ólgusjó.

Hafgúurnar narta í ryðgaðan toghlera sér til næringar, sleikja saltið úr ryðinu, svifið úr saltinu og sveima síðan á meltunni dreymandi um líf á landi, sjö börn í mannheimum og myndarlegan dáta í gæslunni með járnkarl í buxnastrengnum og skínandi kuta milli tannanna, dáta sem æfir uppgöngu í skip og tekur þátt í hersýningum í Hamburg, sporðlausan og plokkfiskétandi dáta með koppafeiti í vöngum og lafandi yfirvaraskegg eins og spaklegar leirgeddurnar – dáta með skínandi nýja toghlera í hreðjastað og lunderni hafarna! Ekki fleiri metnaðarlausu smáfiska! Ekki fleiri marhnúta og heldur enga hákarla! Að hugsa sér! Alla möguleikana! Í hafinu er ekki einu sinni hægt að hrækja svo heitið geti.

„Kannastu við þennan dreng?“ sagði ljónshjartað Guðmundur Skip-herra Ljónshjarta Kjærnested og púaði pípunu. „Hann er aumingi,“ bætti hann við, eins og til útskýringar. Flotamálaráðherra virti myndina fyrir sér. Maðurinn á myndinni virtist vera farinn að nálgast þritugt þó enn væri nokkur barnafita framan í honum. Hann var glaðlegur eins og hann hefði of gaman af því að horfa á sjónvarpið. Kanasjónvarpið. I love Lucy og Bonanza. Tungllendinguna. Morðið á John F. Kennedy. Roy Rogers. Flotamálaráðherra bankaði hnúanum í borðið, ekki eins og hann æskti neins heldur var þetta einfaldlega kækur sem hann mátti berjast við þegar hann fór hjá sér. Hugurinn hafði reikað frá ljósmyndinni. Hann hafði fengið titillagið úr Bonanza á heilann og það lagðist svo þétt yfir Þjóðhvöt að vart mátti sjá á milli hvaða tónar voru amerískir og hverjir íslenskir. Skipherrann beið viðbragða, það vissi flotamálaráðherra mæta vel, en af einhverjum orsökum gat hann engan veginn fest hugann við það verkefni að greina myndina. Hún var svarthvít og minnti hann á Kanasjónvarpið. „Er þetta Íslendingur?“ spurði hann loks. „Það eru einhver áhöld um það. En jú, hann fæddist víst innan landsteinanna, þótt bæði sé hann drottinssvikari og landráðamaður.“

Þegar svefninn sækir á liðhlaupann skjögrar hann á staðnum í djúpum moldarsporum mýrlendum, vegur salt á löngum fótleggjunum með nefið ýmist í loftinu eða jörðinni sýgur gróin upp í nasirnar og fleygir þeim út í veröldina með snöggum hnakkakippum samfara heljarinnar fnæsi – liðhlaupanum hleypur roði í kinnar og dökkbláar hálsæðarnar þrýstast út á meðan það smám saman líður yfir hann. Hann fellur til jarðar, setur stút á munninn og leggur varirnar að moldinni. Þegar hann loks sofnar rís honum hold, snýr sér á bakið og fær 10 sentilítra sáðlát upp í loftið eins og gosbrunnur.

Úr sólinni fellur lítið himinfyrirbæri dregið af feiknarmiklu aðdráttaraflí jarðar og grefur sér gröf (þótt græfi öðrum) í miðjum hljómskálagarði innanum eldgleypa, sjónhverfingamenn og sirkustjaldafjöld, fiskabúr sem full eru áður óséðum kynjaskepnum og niðheimskum hottintottum. Í kringum búrin skoppa smádrýslar með púðurkerlingar sem frussa gljáandi purpuralitum áburði ofan í grænt túnið svo nú virðast einlægt vaxa blóm í heiminum, vaxa blóm í eldinum í kringum gráan og rauðglóandi loftstein sem dokar við djúpt í jörðinni. Yfir gígnum standa brynjálfar tvístígandi á táberginu til að gægjast niður í logandi helvítið og þegar reykurinn hefur allur stigið heim til sín sést móta fyrir himingrjótinu sem klárlega er í laginu eins og búklaus þorskhaus.

Að borða landvætti með litlum tönnum, matarbita fyrir matarbita disklaust án hnífs og gaffals, án þumalfingra, vísifingra, löngutanga, baugfingra og litlufingra, án snúanlegra úlnliða og beygjanlegra olnboga, axlalaust og ábyrgðarlaust, hálslaust og miskunnarlaust, með ekkert nef svo heitið geti fyrir svonalags fæðu, kryddjurtirnar nýgróðursettar enn á kafi í moldinni og enginn dessert og allir illa upplagðir eftir langa vinnuviku, meira og minna slepjuleg slytti með hliðarsett augu og heimskulegt augnaráð og grimmilegar tilætlanir í litlu höfði um að borða fjóra landvætti hafandi ekkert til að skola þeim niður með nema 1.340 milljón rúmmetra af þækilsöltuðum svimandi sjó.

Það flýr enginn að eilífu, hvorki sjálfan sig né aðra. Fyrr eða síðar verður helvítið sem eltir þig meira aðlaðandi en helvítið sem þú eltir. Síðasti liðhlaupi þorskastríðsins sópaði saman mosanum úr svefnstæðinu í bakpokann sinn, slepti marflónum aftur út í heiminn tautandi eitthvað um að þær myndu jú spjara sig, dæsti að sólinni og fylgdi háfjallasprænum aftur til byggða. Eftir langa göngu lauk heiðinni og við tók einhver bæjarómynd. Göturnar voru lagðar malbiki og bakvið eldhúsglugga stóðu brjóstmiklar húsfreyjur yfir hnallþórum, og einstaka gamalmenni læddist um göturnar. Liðhlaupanum var ljóst að fullhrausta karlmenn var ekki að finna hér. Hann gekk dreyminn niður göturnar og rifjaði upp húsin, rifjaði upp gangstéttir og ljósastaura. Á ráðhúströppunum stóð Guðmundur Skipherra Ljónshjarta Kjærnested og beið þess sem ekki bara vildi verða heldur varð að verða.

Ráðherrar skrifuðu í blóð, karlmenn skriðu hálffullir og velfullir og misfullir upp á kassa á torgum til að ræða nýjustu þreifingar, kvenfólk skrafaði yfir eldhúsborðum, unglingar skrifuðu ritgerðir, börn spurðu frumspékilegra spurninga og gamalmenni tautuðu eitt og annað. Sitt sýndist hverjum – það var margt í mörgu og víða pottur brotinn. Stjórnendur misstu tókin á umræðuþáttum og bloggarar létu hafa eftir sér ýmislegt í dagblöðum sem þeir sáu eftir síðar. Ritstjórnargreinar kölluðu eftir hófsamri samræðu á sama tíma og þær rembdust við að spinna skýringar sem féllu að flokkslínunum og væntingum lesenda. Að lokum varð aldrei það uppgjör sem menn höfðu vænst, mikið vatn rann til sjávar og að lokum fjaraði hafaríð út. Uppreisninni var einfaldlega lokið, áhöfnin loksins fullskipuð og í raun ekkert til að tala um. Það var ekkert vatn eftir í heitupottunum.

Hjóla í hringi hvor á sínu einhjólinu, Guðmundur Skipherra Ljónshjarta Kjærnested á eftir þessum einasta einmana liðhlaupa þorskastríðsins á Austurvelli með höfuðið upp úr táragsmistrinu. Skipherrann á reynsluna fram yfir liðhlaupann sem keppist yfir allar tegundir hindrana – grindur, brunna, rjóður, útigangsmenn og lögregluþjóna – á hugleysinu einu saman. „Þér nöðrukyn!“ rymur Skipherrann svo gangstéttirnar ganga upp af jörðinni og ánamaðkarnir hraða sér óttaslegnir neðar nær kviku jarðar. „Vér nöðrukyn,“ jarmar raggeitin storkandi á móti með vott af skensi í öllum sínum talblöðrum og barkakýlum. Í bakgrunni ómar austur-evrópsk sígaunamúsík eins og spiluð á lírukassa af sjálfum lírukassaapanum, meðan íslenska þjóðin, forhert í frosnum klofum mæðra sinna, dansar íslenskan sveitaballakonga í gegnum hjarta brennandi miðbæjar.

„Relevant detail, couched in concrete, colorful language, is the best way to
recreate the incident as it happened and to picture it for the audience.“
- Dale Carnegie

S-E-G-D-U



Mmmm

Mhm

Mmmm

Mhm

Mmmm

Mhm

Mhm

Mhm

Mhm

Mhm

Mhm

Ummhumm Um

umm m

umhumm UM

umhUMm

Gisp! Geisp! Gasp!

Gasp! Gisp! Geisp!

Geisp! Gasp! Gisp!

Kúgunarviðbragð

y i
f r r
bp nich
p i ho
bp nic l
b h
lo o
l

kretl
kon
jóð
l
l
ist
m
á s
jú
á ga
m é y
pp
i
ð

Fyrsti skóladagurinn

ó ö

Guðaveigar
fyrir Kristínu Ómarsdóttur

TÁLGUÐ TÁLGYÐJA	HJÁGUÐ HJÁGYÐJA	BLÓTGUÐ BLÓTTYÐJA
KVONGUÐ KVONGYÐJA	PRUMUGUÐ PRUMUGYÐJA	RYÐGUÐ RYÐGYÐJA
FÁGUÐ FÁGYÐJA	HEITGUÐ HEITGYÐJA	BLÓMGUÐ BLÓMGYÐJA
VÍNGUÐ VÍNGYÐJA	ELDGUÐ ELDGYÐJA	ÓMENGUÐ ÓMENGYÐJA
REFSIGUÐ REFSIGYÐJA	HÚMGUÐ HÚMGYÐJA	HJARÐGUÐ HJARÐGYÐJA
HUGGUÐ HUGGYÐJA	BARNAGUÐ BARNAGYÐJA	VEIGUÐ VEIGYÐJA
HÚSGUÐ HÚSGYÐJA	KÚGUÐ KÚGYÐJA	VATNAGUÐ VATNAGYÐJA
AFGUÐ AFGYÐJA	NAUÐGUÐ NAUÐGYÐJA	RÓMSGUÐ RÓMSGYÐJA
ÖGUÐ ÖGYÐJA	HÖFGUÐ HÖFGYÐJA	HRÚÐGUÐ HRÚÐGYÐJA
MÓÐGUÐ MÓÐGYÐJA	ANDGUÐ ANDGYÐJA	BORGUÐ BORGYÐJA
ÖRGUÐ ÖRGYÐJA	LÓGUÐ LÓGYÐJA	ÓGUÐ ÓGYÐJA
LÓÐGUÐ LÓÐGYÐJA	MÖNGUÐ MÖNGYÐJA	SKÁLDGUÐ SKÁLDGYÐJA
HERGUÐ HERGYÐJA	LÍFGUÐ LÍFGYÐJA	VEÐURGUÐ VEÐURGYÐJA
FJÖRGUÐ FJÖRGYÐJA	SAMGUÐ SAMGYÐJA	MÁLGUÐ MÁLGYÐJA

Lygi og regla

öllu lögur	leigumörður	hvítar lágur	laugin rödd
laugin rödd	leigumörður	leigumörður	hvítar lágur
öllu lögur	öllu lögur	hvítar lágur	laugin rödd
leigumörður	leigumörður	laugin rödd	öllu lögur
hvítar lágur	hvítar lágur	öllu lögur	leigumörður
laugin rödd	laugin rödd	leigumörður	hvítar lágur
öllu lögur	öllu lögur	laugin rödd	laugin rödd
leigumörður	leigumörður	öllu lögur	öllu lögur
hvítar lágur	hvítar lágur	leigumörður	leigumörður
laugin rödd	laugin rödd	laugin rödd	hvítar lágur
öllu lögur	öllu lögur	öllu lögur	laugin rödd
leigumörður	leigumörður	leigumörður	öllu lögur
hvítar lágur	hvítar lágur	laugin rödd	leigumörður
laugin rödd	laugin rödd	laugin rödd	öllu lögur
öllu lögur	öllu lögur	laugin rödd	leigumörður
leigumörður	leigumörður	öllu lögur	öllu lögur
hvítar lágur	hvítar lágur	leigumörður	leigumörður
laugin rödd	laugin rödd	hvítar lágur	hvítar lágur
öllu lögur	öllu lögur	leigumörður	laugin rödd

Íslenskir neytendur fyllast svartsýni

Fleiri neytendur eru
nú svartsýnir í

efnahags- og
atvinnumálum

hér á landi en
þeir sem eru bjartsýnir.

Greining Glitnis segir,
að þetta megi lesa
úr væntingavísitölu

Gallup,

sem var birt í morgun en
vísitalan mældist

í fyrsta sinn
undir 100 stigum frá því
í desember 2002.

Væntingavísitalan

hefur lækkað

mikið síðustu þrjá
mánuði

og segir Glitnir,

að það bendi
sterklega

til þess,

að nú hægi

verulega á hröðum

vexti einkaneyslu

og á næstunni muni

einkaneyslan

dragast saman.
Mjög

hefur dregið

úr væntingum

neytenda til ástandsins

í

efnahags- og atvinnumálum
eftir sex mánuði

og hafa væntingar

ekki mælt svo lágar
frá nóvember 2001,
en þá reyndist samdráttur

framundan í efnahagslífinu.

Núverandi ástand

í efnahagsmálum
er gott

að mati
neytenda 30%

en þetta
hefur hlutfall
lækkað hratt

á síðustu mánuðum.

Hins vegar

telja um 27%
neytenda að efnahagsástandið
sé slæmt og hefur það

hlutfall hækkað

á síðustu þremur mánuðum.

Stór hluti

neytenda eða
telur að
muni

42%
efnahagsástandið
reynast verra eftir


sex mánuði en það er



nú og

áðeins
neytenda
ástandið
betra

14%
telja að
muni reynast
eftir


sex mánuði





28

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12. 13. 14. 15. 16. 17. 18. 19. 20. 21. 22. 23. 24. 25. 26. 27. 28. 29. 30. 31. 32. 33. 34. 35. 36. 37. 38. 39. 40. 41. 42. 43. 44. 45. 46. 47. 48. 49. 50. 51. 52. 53. 54. 55. 56. 57. 58. 59. 60. 61. 62. 63. 64. 65. 66. 67. 68. 69. 70. 71. 72. 73. 74. 75. 76. 77. 78. 79. 80. 81. 82. 83. 84. 85. 86. 87. 88. 89. 90. 91. 92. 93. 94. 95. 96. 97. 98. 99. 100. 101. 102. 103. 104. 105. 106. 107. 108. 109. 110. 111. 112. 113. 114. 115. 116. 117. 118. 119. 120. 121. 122. 123. 124. 125. 126. 127. 128. 129. 130. 131. 132. 133. 134. 135. 136. 137. 138. 139. 140. 141. 142. 143. 144. 145. 146. 147. 148. 149. 150. 151. 152. 153. 154. 155. 156. 157. 158. 159. 160. 161. 162. 163. 164. 165. 166. 167. 168. 169. 170. 171. 172. 173. 174. 175. 176. 177. 178. 179. 180. 181. 182. 183. 184. 185. 186. 187. 188. 189. 190. 191. 192. 193. 194. 195. 196. 197. 198. 199. 200. 201. 202. 203. 204. 205. 206. 207. 208. 209. 210. 211. 212. 213. 214. 215. 216. 217. 218. 219. 220. 221. 222. 223. 224. 225. 226. 227. 228. 229. 230. 231. 232. 233. 234. 235. 236. 237. 238. 239. 240. 241. 242. 243. 244. 245. 246. 247. 248. 249. 250. 251. 252. 253. 254. 255. 256. 257. 258. 259. 260. 261. 262. 263. 264. 265. 266. 267. 268. 269. 270. 271. 272. 273. 274. 275. 276. 277. 278. 279. 280. 281. 282. 283. 284. 285. 286. 287. 288. 289. 290. 291. 292. 293. 294. 295. 296. 297. 298. 299. 300. 301. 302. 303. 304. 305. 306. 307. 308. 309. 310. 311. 312. 313. 314. 315. 316. 317. 318. 319. 320. 321. 322. 323. 324. 325. 326. 327. 328. 329. 330. 331. 332. 333. 334. 335. 336. 337. 338. 339. 340. 341. 342. 343. 344. 345. 346. 347. 348. 349. 350. 351. 352. 353. 354. 355. 356. 357. 358. 359. 360. 361. 362. 363. 364. 365. 366. 367. 368. 369. 370. 371. 372. 373. 374. 375. 376. 377. 378. 379. 380. 381. 382. 383. 384. 385. 386. 387. 388. 389. 390. 391. 392. 393. 394. 395. 396. 397. 398. 399. 400. 401. 402. 403. 404. 405. 406. 407. 408. 409. 410. 411. 412. 413. 414. 415. 416. 417. 418. 419. 420. 421. 422. 423. 424. 425. 426. 427. 428. 429. 430. 431. 432. 433. 434. 435. 436. 437. 438. 439. 440. 441. 442. 443. 444. 445. 446. 447. 448. 449. 450. 451. 452. 453. 454. 455. 456. 457. 458. 459. 460. 461. 462. 463. 464. 465. 466. 467. 468. 469. 470. 471. 472. 473. 474. 475. 476. 477. 478. 479. 480. 481. 482. 483. 484. 485. 486. 487. 488. 489. 490. 491. 492. 493. 494. 495. 496. 497. 498. 499. 500. 501. 502. 503. 504. 505. 506. 507. 508. 509. 510. 511. 512. 513. 514. 515. 516. 517. 518. 519. 520. 521. 522. 523. 524. 525. 526. 527. 528. 529. 530. 531. 532. 533. 534. 535. 536. 537. 538. 539. 540. 541. 542. 543. 544. 545. 546. 547. 548. 549. 550. 551. 552. 553. 554. 555. 556. 557. 558. 559. 560. 561. 562. 563. 564. 565. 566. 567. 568. 569. 570. 571. 572. 573. 574. 575. 576. 577. 578. 579. 580. 581. 582. 583. 584. 585. 586. 587. 588. 589. 590. 591. 592. 593. 594. 595. 596. 597. 598. 599. 600. 601. 602. 603. 604. 605. 606. 607. 608. 609. 610. 611. 612. 613. 614. 615. 616. 617. 618. 619. 620. 621. 622. 623. 624. 625. 626. 627. 628. 629. 630. 631. 632. 633. 634. 635. 636. 637. 638. 639. 640. 641. 642. 643. 644. 645. 646. 647. 648. 649. 650. 651. 652. 653. 654. 655. 656. 657. 658. 659. 660. 661. 662. 663. 664. 665. 666. 667. 668. 669. 670. 671. 672. 673. 674. 675. 676. 677. 678. 679. 680. 681. 682. 683. 684. 685. 686. 687. 688. 689. 690. 691. 692. 693. 694. 695. 696. 697. 698. 699. 700. 701. 702. 703. 704. 705. 706. 707. 708. 709. 710. 711. 712. 713. 714. 715. 716. 717. 718. 719. 720. 721. 722. 723. 724. 725. 726. 727. 728. 729. 730. 731. 732. 733. 734. 735. 736. 737. 738. 739. 740. 741. 742. 743. 744. 745. 746. 747. 748. 749. 750. 751. 752. 753. 754. 755. 756. 757. 758. 759. 760. 761. 762. 763. 764. 765. 766. 767. 768. 769. 770. 771. 772. 773. 774. 775. 776. 777. 778. 779. 780. 781. 782. 783. 784. 785. 786. 787. 788. 789. 790. 791. 792. 793. 794. 795. 796. 797. 798. 799. 800. 801. 802. 803. 804. 805. 806. 807. 808. 809. 810. 811. 812. 813. 814. 815. 816. 817. 818. 819. 820. 821. 822. 823. 824. 825. 826. 827. 828. 829. 830. 831. 832. 833. 834. 835. 836. 837. 838. 839. 840. 841. 842. 843. 844. 845. 846. 847. 848. 849. 850. 851. 852. 853. 854. 855. 856. 857. 858. 859. 860. 861. 862. 863. 864. 865. 866. 867. 868. 869. 870. 871. 872. 873. 874. 875. 876. 877. 878. 879. 880. 881. 882. 883. 884. 885. 886. 887. 888. 889. 890. 891. 892. 893. 894. 895. 896. 897. 898. 899. 900. 901. 902. 903. 904. 905. 906. 907. 908. 909. 910. 911. 912. 913. 914. 915. 916. 917. 918. 919. 920. 921. 922. 923. 924. 925. 926. 927. 928. 929. 930. 931. 932. 933. 934. 935. 936. 937. 938. 939. 940. 941. 942. 943. 944. 945. 946. 947. 948. 949. 950. 951. 952. 953. 954. 955. 956. 957. 958. 959. 960. 961. 962. 963. 964. 965. 966. 967. 968. 969. 970. 971. 972. 973. 974. 975. 976. 977. 978. 979. 980. 981. 982. 983. 984. 985. 986. 987. 988. 989. 990. 991. 992. 993. 994. 995. 996. 997. 998. 999. 1000.



Nei,
Hrafnhildur,
ég er
meistarinn!

Nei,
Hrafnhildur,
ég er
meistarinn!

Nei,
Hrafnhildur,
ég er
meistarinn!

Nei,
Hrafnhildur,
ég er
meistarinn!

Til baka

við förum ekki fram og til baka

heldur frá og til baka.

... gæti enda verið ljóð í bók.

... gæti bókað verið jóðl í enda.

... gæti endað í ljóðabók.

í l ók
ó bók
la k
í ólabók
í jólabók

ET IÍAMSE É KIA KP GKN KIVÐBAU FPSUTG I TU ÞPGASOÍI.
PTAELF A RMREK ÐSAIÉ ANEK I LDRA ES AIVÐÆTTMA EJ VLTÐ

MNAMÐRMNAMSMNAMÐRMNAMSMNAMÐRMNAMSMNAMÐRMNAMSM
IN ÚU IN A IN ÚU IN A IN ÚU IN A IN ÚU IN A

P AA V II GÉ AASOMKÐA VRURYU I KIA AD JFIO EJ VLTÐ
ÚTLRSOMKÐO GTL V II FHEJ ENMVÐEK ÐHLAKAT GP GASOÍI?

Sakkarínarbakkar

RAUÐ
 KAN
 RAKA
 ADA
 DEMÍA
 MOG
 NDI
 EVA
 GURÐ
 OGGRJÓ
 STU
 MAD
 TUPPI
 KUR
 MÓT

ATTIKATTI-ATTIKATTI-ATTIKATTI-ATTIKATTI-ATTIKATTI

S T A T Í K
 S T A T Í F
 S T A T U S
 S T A T Ú T

EMISSA EMISSA
 DEMISSA DEMISSA
 DOLLARA
 MISSA-DEI!

SS
 TT
 AA
 TT
 ÍÍ
 KF
 DOLLARA
 MERKI! DEIG!

Mahathir Múhameð (Pantún)

Mahathir Múhameð á alla mjólkurmiðana í Malasíu,
munúðsamlegt meinhorn muldrandi manljóð í morgunsárið
makráður og í meðallagi mannskæður mektarmaður.
Margt mun Mahathir Múhameð muna úr móðurlífi.

Munúðsamlegt meinhorn muldrandi manljóð í morgunsárið,
um megrunarkúra, magaminnkun og meðalhóf,
margt mun Mahathir Múhameð muna úr móðurlífi,
úr myrkrinu meðhöndlandi masúrka og maístjörnur.

Um megrunarkúra, magaminnkun og meðalhóf
mælir Mahathir Múhameð mimrandi margraddað,
úr myrkrinu meðhöndlandi masúrka og maístjörnur
miskunnarlaust í miðju mótstyrmi af marglæti.

Mælir nú Mahathir Múhameð mimrandi margraddað:
„Múhameð er mjallhvítur í monstrans, mannsbítur með manséttur
miskunnarlaus í miðju mótstyrmi af marglæti
meiðyrðamundari mardallar mestmegnis messubókarlaus.“

Mahathir Múhameð er mjallhvítur í monstrans, mannsbítur með manséttur
og mumpaskætur um munninn, mélkisulegur og maðkétinn
meiðyrðamundari mardallar mestmegnis messubókarlaus
meðan múmínmamma miðar migu á mánaþrúður.

Með mumpaskætur um munninn, mélkisulegur og maðkétinn,
masar Múhameð mynduglega um mýgrút módröfnóttra mótmælenda
meðan múmínmamma miðar migu á mánaþrúður
í merkantilískum móð, meðfærileg með múður að morgni mánudags.

Masar Múhameð mynduglega um mýgrút módröfnóttra mótmælenda
munúðsamlegt meinhorn muldrandi manljóð í morgunsárið
í merkantilískum móð, meðfærilegur með múður að morgni mánudags,
Mahathir Múhameð á alla mjólkurmiðana í Malasíu.

Nguyễn Sinh Cung frá Hoàng Trù

Ho Chi Minh!

Namminamminamm!

Ho! Ho! Ho!

Ho Chi Minh!

Namminamminamm!

Ho! Ho! Ho!

Batista

Batista með rist eista í leista,
brást best með ást og sást síst
á hesti með ostrur í ístru,
virtist óstjórlega æstur í estragon.

Brást best með ást og sást síst
pústandi eða pústrandi pestir
virtist óstjórlega æstur í estragon
estrógen og astralplön.

Pústandi eða pústrandi pestir,
pastaskrúfur og póstlúgur,
estrógen og astralplön,
tvistandi Batista í ástandi.

Pastaskrúfur og póstlúgur
batististískur býst bastarðurinn
tvistandi Batista í ástandi
til að bösta býsn af beltisdýrum.

Batististískur býst bastarðurinn
við brjóstabrestum og bestíuköstum
til að böstuð býsn af beltisdýrum
óttist af gustuk gastronómistíska gesti sína.

Með brjóstabrestum og bestíuköstum
sást Fást slást í brest og nást,
óttast af gustuk gastronómistíska gesti sína
astmaveikur yst í eystra austri.

Sást Fást slást í brest og nást,
brást best með ást og sást síst
astmaveikur yst í eystra austri.
Batista með rist eista í leista.

Bólar á Bólivar

Símon Bólivar
byltingarsinnaður diktator
var í stórum samóvar
barmafullum af sénéiver
vaflinn inn í sængurver
með lítið rautt vasakver.

Í stórum samóvar
var Símon Bólivar
vaflinn inn í vasakver
– voðalegur diktator
barmafullur af sénéiver.

Lítið rautt sængurver
var í voðalegum samóvar
byltingarsinnað vasakver
í efnilegum sénéiver:

Brahmafullur Bólivar
Símon þessi diktator
voða mettur sénéiver

Samóvar af Bólivar,
sængurver úr sénéiver.

Bólivar í vasakver.

Li Peng, Li Bang-Bang!

Pang gang, Li Peng!
Hing ping, Li Peng!
Eng bang, Li Peng!
Í spreng, Li Peng!

Syng söng, Li Peng!
Ang kóng, Li Peng!
Lang stöng, Li Peng!
Í keng, Li Peng!

Sleng gong, Li Peng!
Bong tromm, Li Peng!
Ding dong, Li Peng!
Í þveng, Li Peng!

Gling gló, Li Peng!
Svang dreng, Li Peng!
Bingó, Li Peng!
Í meng, Li Peng!

Sting pung, Li Peng!
Ping heng, Li Peng!
Röng þung, Li Peng!
Í säng, Li Peng!

Sing-Sing, Li Peng!
Pröng ung, Li Peng!
Drung lyng, Li Peng!
Í streng, Li Peng!

Bang, bang, Li Peng!
Pving lng, Li Peng!
Sting fang, Li Peng!
Í dreng, Li Peng!

Pol Pot (Pantún)

Pol Pot er á pissupotti í pútnahúsi.

Pol Pot er með persónuleikaþroskaþrjóskuröskun og parkinsons í popparapartí, pissandi í sig á plágustigi í peysufötunum.

Pol Pot er með persónuleikaþroskaþrjóskuröskun og prumpandi pappírsfætur, púkablístru í pjásustað á plágustigi í peysufötum, pardusdýr í parukkgæru, pluðraðri og plutrulegri.

Prumpandi pappírsfötum, púkablístrum í pjásustað, og plötusnúðsins prakkarastrikum á Plútó, pardusdýri í parukkgæru, pluðraðri og plutrulegri. Pakk leggur þúkk í sekk fyrir Pol Pot.

Plötusnúðsins prakkarastrik á Plútó, popplög fyrir púðraða punglinga og punglaga púðlinga á meðan þakk leggur þúkk í sekk fyrir Pol Pot og pelíkanar með pompadúr spila Pirates of Penzance.

Popplög fyrir púðraða punglinga og punglaga púðlinga! – Á meðan: pörin paraballanna passa sig á Pol Pot og pelíkanar með pompadúr spila Pirates of Penzance á píanó, penníblístrur og púðurdósir.

Pörin paraballanna passa sig á Pol Pot, þessum þrjálgjarna pörupilti sem pissar á píanó, penníblístrur og púðurdósir, án þurkunar með penisnum pastursmiklum.

Þessi þrjálgjarni pörupiltur sem pissar – Pol Pot er með persónuleikaþroskaþrjóskuröskun – án þurkunar með penisnum pastursmiklum: Pol Pot er á pissupotti í pútnahúsi.

Mao! Mao! Mao!

Maður: Ú á þá þrjá því þá má sjá í fíflamjólk!

Kona: Á þá í að fara að ýja að ótal engu?

Barn eitt: Ciao, Mao!

Barn tvennt: Ba-Baccalao!

Maður: Jeminn! Ó, minn óminn!

Kona: Ja wohl und obwohl geht's nicht! Besser geht's nicht!

Barn þrennt: Cia, Mao!

Barn fernt: Ba-Baccalao!

Maður: Valsandi lukka er best. Valhoppandi lukka.

Kona: Varið ykkur á þrepinu. Það líður að brosum.

Barn í n-ta eitt: Ciao, Mao!

Barn í n-ta tvennt: Ba-Baccalao!

Maður: Það er hlaupinn þrái í orgíuna.

Kona: Helvítis meðvitaða hundraðgeinn.

Barn í n-ta þrennt: Cia, Mao!

Barn í n-ta fernt: Ba-Baccalao!

Swing ding

- f. Ödda

Söng dreng, svöng mey,
svefn í um nætur:
„Gangbvengur, þingfararlyng,
swing ding, Deng Xiaoping”

Dreng söng, ung mey,
um morgna á fætur:
„Ungur pungur, rangnefndur,
swing ding, Deng Xiaoping.“

Stöng inn, stöngin inn,
sönginn syngur og grætur:
„Anginn ungi, drengurinn,
swing ding, Deng Xiaoping.

Söng í spöngum, spangnagöngum,
banginn sunginn, ungin ætur
drungan langan, lungann úr söng
swing ding, Deng Xiaoping

Önghljóð anga leiðir langar
enginn bíður engar bætur:
„stunga í bringu, bringusting
swing ding, Deng Xiaoping.“

súb | límat vatn HK

eðlisfræði/efnafræði

• 0,1% vatnsupplausn af merkúríklóríði, áður notað til handþvotta og dauðhreinsunar á húð, gálaus notkun veldur eitrun (kvikasilfurseitrun)

Tölvuorðabókin – útgáfa 6.0a

**Í Tímanum og vatninu
er bent á leið sem farin
verður um ófyrirsjáanlega
framtið í íslenskri ljóðlist.**

Matthías Johannessen

– *Hugleiðingar og viðtöl* - 1963

**Til að eiga sér lifandi
samfélag er ekki nóg að
búa afskekkt hér á útkjálka
alheimsins, og halda það
sé eðlilegt að annað hvert
ljóðskáld sé enn að reyna að
yrkja upp Stein Steinarr.**

Eiríkur Örn Norðdahl

– *Nýhil.org* - 2004

**Mér er ekki skemmt,
útúrsnúningar og vanhelgun
eru stórlega ofmetin
fyrirbæri og löngu komin
úr tísku. Þ.e. hugmyndin og
framkvæmdin eru aldrei
annað en ábending um
möguleika og eins og öllu
sæmilega vel gefnu fólki þarf
nú ekki að benda okkur oft á
sama hlutinn.**

Þór Steinarsson

– *kommunan.is/asgeir*

Súblímatvatn

Tíminn
og
vatnið

eftir

Eirík
Örn
Norðdahl

Tiden og vandet står næsten

stille

Tíminn og vatnið var ort á
fimmta áratug aldarinnar

*keep it from breaking down over
time and the water*

Kvæðið hefur mörg hefðbundin
einkenni. Það hefur einkenni
þekktar bragarháttar, tersínu.
Stuðlar eru víðast hvar og
hrynjandi er yfirleitt skipuleg.
Rím er nokkuð reglulegt þó eru
ljóð án ríms.

Tíminn og vatnið í
myndhverfingu Steins Steinars
vinnur með okkur.

Hlutgerving er algengt stílbragð
í ljóðinu. Hlutverk hennar
er að gera hið óáþreifanlega
áþreifanlegt - að hlut. Í ljóðinu
eru hugsanir bláfextar, myrkrið
ryðbrunnið, fregnin hvít.

Persónugervingar eru sömuleiðis
víða: sólskinið kemur gangandi,
nóttin er raddlaus, fjarlægðin
sefur, dagarnir eru síðhærðir,
sorg nær fundi, trú og ást sofa.

*Tiden og vandet skal skiftes
dagligt*

Tíminn og vatnið. Púff ...
maður hefur sagt þetta svona
sjöþúsund þrjúhundruð sextíu
og tvisvar sinnum og því um að
gera að segja það einu sinni enn
...

Það er mjög áberandi í öllu
ljóðinu hve skáldið leikur sér að
andstæðum og þversögnum og
teflir saman órókréttu samhengi
hluta og hugtaka í líkingum.

Þetta er líka eitt helsta einkenni
í nútímaljóðlist

*Etter regn endrer fossene seg på
timen og vannet fyller pludselig
fjellsidene der det forinden var
nesten tørt.*

Hirtu ekki um þau tíminn og
vatnið eru eilíf

Tveimur árum áður en Tíminn
og vatnið kom út birtist þriðja
ljóðabók Jóns úr Vör, Þorpið.

Tíminn og vatnið einkenndist
af innhverfum, dulúðarfullum
ljóðum.

Oft teflir skáldið saman
huglægu og hlutlægu, hlut
og hugtaki. Það er auðvitað
markviss rökleysa til að
skapa hugrenningatengsl,
kveikja hugmyndir, örva
vitund lesanda til túlkunar.
Eignarfallssamsetningar eru
sérkennilegar og margar, þar er
einnig teflt saman huglægu og
hlutlægu, þó ekki alltaf.

*Solen skinnede det meste af tiden
og vandet var varmt og det var
bare sjovt □*

Íslenska. Viðbjóður. Ég fæ
alltaf hroll þegar ég hugsa
um Heimi Pálsson og þessa
lúdólanglokur sem bækur
hans eru. Hverjum er ekki
drullusama hvaða helvítis
bókmenntastefnu „Tíminn og
vatnið“ tilheyrir!? Við hvað
í fjandanum á ég að starfa
með doktorsgráðu í íslenskum
fræðum? Kennari? Á ég, með
doktorsgráðuna mína, að kenna
öðrum að fá svona doktorsgráðu?
Íslensk fræði byggja ekki
hús, íslensk fræði skoða ekki
geiminn, íslensk fræði setja ekki

fram raunvísindaleg lögmál.
Hinsvegar greina íslensk fræði
smásögur, skáldsögur og ljóð! Til
hvers!? Til þess að ég viti hvað
öðrum finnst um einhverjar
ómerkilegar lygasögur og
ljóðaskrípildi?

*Watering your lawn with a
handheld hose is a waste of both
your time and the water*

Tími og vitund eru þema
kvæðisins og form tilverunnar
speglast í mynd vatnsins, ýmist
í farvegi eða það tekur á sig
mynd formleysis og óskapnaðar.
Þannig er vatn og þannig er
tilveran á stundum.

Kannski er óskapnaðurinn
óendurgoldin ást?

Kannski lýsir ljóðið
tilvistarkreppu í fjandsamlegum
heimi?

*Place the pressure regulator on
time and the water evaporates.*

Þetta er skáldlegt en torrætt:
Rökleysur eru áberandi
stílbragð. Þá eru hugtök sett
saman úr merkingarþáttum
sem ekki geta farið saman eða
mynda torskilda heild.

Líkingar ljóðsins eru fjölmargar.
Mest ber á líkingum með
andstæð, óljós eða fáránleg
viðmið.

Litir ljóðsins eru fjölbreyttir. Þá
er ekki síður upplifun að sjá og
heyra hvað er litað og hvernig.

Þar að auki er „Tíminn og
vatnið“ skyldulesning fyrir
sérhvern íslenskan Netverja.

*De overlevende, piraterne og det
lille skibs besætning starter en*

*desperat kamp mod monsteret,
tiden og vandet*

Tilfinningar og hugmyndir eru
meginyrkisefni ljóðsins. Þar eru
